

LÖGMANNA BLAÐIÐ

6. árg.

Mái

2 / 2000

Af Merði lögmanni

Aðalfundur LMFÍ

Breyting á siðareglum lögmannna

Öflun lögmannsréttinda í Frakklandi

Groa@leiti.is

Viðmiðunarreglur fyrir héraðsdómstóla

Einföld fullnaðarkvittun lögmanns

Árshátíð

Fréttir frá félagsdeild

Leifur Eiríksson málflutningsfélag

Útgefandi:
Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Jóhannes Karl Sveinsson hrl.

Ritnefnd:
Bjarki H. Diego hdl.
Björn L. Bergsson hrl.
Ragnar H. Hall hrl.



Helgi I. Jónsson
héraðsdómari

Breyting á siðareglum lögmannna

Bls. 7

Jóhannes K. Sveinsson hrl.

**Leigupennar og
pöntuð lögfræðialit**

Bls. 18

*Baldvin Björn
Haraldsson hdl.*

Öflun lögmannsréttinda í Frakklandi

Bls. 13

Einar Baldvin Árnason
lögfræðingur

**Gæsluvarðhald og
almannahagsmunir**

Bls. 23

Leifur Eiríksson málflytningarsélag

Leifur Eiríksson málflytningarsélag (á ensku „Leifur Eiríksson Moot Court Club“) var stofnað fyrir skömmu til að standa að þátttöku laganema við lagadeild Háskóla Íslands í alþjóðlegu málflytningarsélagnum „The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition“ sem fram hefur farið árlega á vegum International Law Students Association (ILSA) síðan 1959. Sélagnum er stærsta málflytningarsélagi í heimi. Árlega taka þátt í henni um 1600 laganemar frá um 330 lagaskólum í rúmlega sjötíu þjóðríkjum. Þrír til sex laganemar eru í hverju liði. Í sélagnum er sviðsettur málarekstur á sviði þjóðaréttar milli ímyndaðra ríkja fyrir Alþjóðadómstólum í Haag. Það fyrirkomulag tryggir að nemar frá mismunandi ríkjum standa jafnt að vígi í sélagnum og geta lært hver af öðrum. Eru málin flutt á ensku annars vegar með samningu greinargerða og hins vegar með munnlegum málflytningum. Lokaumferð hins munnlega málflytningarsélagnum fer ávallt fram í Washington í Bandaríkjunum samhliða vorfundi ILSA. Lið innan einstakra ríkja keppa innbyrðis um að fá að taka þátt í lokaumferðinni.

Íslenskt lið tekur nú í fyrsta sinn þátt í sélagnum. Þar sem einungis ein lagadeild er á Íslandi kemst íslenska liðið sjálfkrafa í lokaumferðina í Washington D.C. Með þátttöku gefst íslenskum laganemum kostur á að verða sér úti um verðmæta reynslu af viðtæku alþjóðlegu samstarfi og af beitingu þjóðaréttarreglna í slíku samstarfi. Um leið fá þeir í fyrsta sinn skipulega tækifæri til að mynda tengsl við laganema og lögfræðinga frá öllum heimshornum. Jafnframt geta þeir borið merki lands og þjóðar með jákvæðum hætti gagnvart þeim fjölmörgu aðilum sem koma að sélagnum á hverju ári. Ennfremur geta þeir samhliða tekið þátt í starfsemi ILSA en það hefur ekki verið gert áður af þeirra hálfu. Forsendur þykja vera fyrir hendi til þess að íslenskir laganemar taki árlega þátt í þessari sélagnum samhliða þátttöku í Norrænu málflytningarsélagnum enda er um að ræða annað tungu-

mál og mun viðtækara réttarsvið og alþjóðlegt samstarf. Ákvað undirritaður að leggja þessu málefni lið að beiðni stjórnar Orators, sélagnum laganema, síðastliðið haust.

Þriggja manna stjórn stýrir Leifi Eiríkssyni málflytningarsélagi en í henni sitja sem formaður Ragnar Tómas Árnason hdl. hjá LOGOS lögmannsþjónustu, sem ritari Tómas H. Heiðar, þjóðaréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins, og sem gjaldkeri Skarphéðinn Pétursson, formaður Orators, sélagnum laganema. Heiðursformaður er Guðmundur Eiríksson, dómari við Alþjóðlega hafréttardóminn, og yfirþjálfari er Edwin P. Brown, viðskiptafulltrúi í bandaríska sendiráðinu í Reykjavík, en hann hefur í nokkur skipti gegnt hlutverki dómara í lokaumferð sélagnum. Varamaður í stjórn er Vífill Harðarson, stjórnarmaður í Orator.

Leifi Eiríkssyni málflytningarsélagi er m.a. ætlað að fjármagna þátttöku íslenskra laganema í sélagnum, þjálfna þá við undirbúning og þátttöku í henni og vera í fyrirsvari fyrir þá gagnvart sélagnumstjórninni. Félaginu var valið táknrænt nafn sem gerir hvort tveggja í senn að skírskota til atgervis og útþrjár Íslendinga og að vera alþjóðlegt auðkenni til að kynna Ísland og íslenska liðið í ferð liðsins vestur um haf vegna sélagnum.

Málið sem fjallað er um í sélagnum í ár undirstrikar mikilvægi þess fyrir íslenska laganema og íslenskt samfélag að tekinn sé þáttur í alþjóðlegu samstarfi sem þessu. Þungamiðja málsins lýtur að því hvaða kröfur gera megi til upplýsts samþykkis þátttakenda í læknisfræðilegum rannsóknum. Einnig reynir verulega á spurningar um rétt iðnríkja til að hafa bein eða óbein afskipti af málefnum þróunaríslenskra sem þau telja að virði ekki þau gildi og þær síðareglur sem iðnríkin hafa sett sér. Eru þetta hvort tveggja mál sem reynir talsvert á í íslensku samfélagi og í íslenskri utanríkisstefnu. Er mikilvægt að verðandi íslenskir lögfræðingar geti kynnt sér viðhorf annarra ríkja heims til slíkra spurninga og myndað tengsl við einstaklinga sem eru að velja þeim fyrir sér.

Við upphaf starfsárs

Ný stjórn skipti þannig með sér verkum að Gunnar Jónsson hrl. er varaformaður og Helgi Birgisson hrl. gjaldkeri. Ársæll Hafsteinsson hdl. er meðstjórnandi og ritari stjórnar er áfram Valborg Þ. Snævarr hdl. Ákveðið var, að boða varastjórnarmenn og starfsfólk félagsins á fyrstu fundi nýkjörinnar stjórnar. Þannig fengust fram fleiri sjónarmið í umræðum um viðfangsefni sem stjórn félagsins ætti að leggja mestu áherslu á, utan hinna hefðbundnu. Því nefni ég þetta að allar ábendingar og hugmyndir félaga væru vel þegnar.



Ásgeir Thoroddsen, hrl., formaður L.M.F.Í.

„B-deildin“ og stjórnarseta

Á síðasta aðalfundi var brotið blað í sögu félagsins þegar innanhúslögmaður var kosinn í stjórn félagsins. Meðan stjórn LMFÍ úrskurðaði sjálf í deilumálum lögmanna, þótti rétt að einungis sjálfstætt starfandi lögmenn sætu í stjórn. Með nýju lögmannaögunum tók Úrskurðarnefnd lögmanna við þessum kaleik stjórnar. Þótti þá ekki ástæða til þess að halda innanhúslögmönnum, eða B-deildinni eins og hún var gjarnan kölluð, utan stjórnar enda eru innanhúslögmenn fullgildir meðlimir í okkar félagi. Ársæll Hafsteinsson hdl. og forstöðumaður lögfræðideilda Búnaðarbankans er sérstaklega boðinn velkominn í stjórn félagsins.

Auknar veiðibeimildir á dómara?

Nýlega ritaði formaður Dómarafélags Íslands Lögmannafélaginu bréf, þar sem fram kemur að félaginu komi mjög á óvart að við endurskoðun síðareglna lögmanna hafi verið felld niður 2. mgr. 18. gr. eldri síðareglna, en hún var svohljóðandi:

„Gagnrýni á störf og starfsbáttu dómstóla má einungis bafa uppi á faglegum og málefnalegum grundvelli.“

Á síðasta samráðsfundi fulltrúa stjórnar Dómarafélagsins og Lög-

mannafélagsins var efni þessa bréfs rætt. Ítrekuðu fulltrúar dómara mikla óánægju með breytinguna og spurðu hvers vegna ákvæðið hefði verið felld niður, sérstaklega ef ekki hefði verið ætlunin að rýmka heimildir til gagnrýni á dómstóla og dómara, sem ekki gætu borið hönd fyrir höfuð sér. Töldu þeir mjög miður að 2. mgr. 18. gr. hefði verið felld brott og að 1. mgr. 18. gr. (1. mgr. 19. gr. núgildandi síðareglna), sem eftir stæði, væri heldur rýr. Þar segir:

„Lögmaður skal sýna dómstólum fulla tillitssemi og virðingu í ræðu, riti og framkomu.“

Af hálfu Lögmannafélagsins var á það bent að ákvæðið hefði verið talið óþarft. Þá væri erfið glíma að greina á milli málefnalegar og faglegrar gagnrýni annars vegar og ómálefnalegar og ófaglegrar gagnrýni hins vegar. Í greinargerð með tillögum um nýjar síðareglur er brottfelling 2. mgr. 18. gr. rökstudd þannig að nægjanlegt sé að lögmaður sýni dómastólum fulla tillitssemi og virðingu og ekki sé sérstök ástæða til að takmarka umfjöllun um úrlausnir dómstóla umfram það sem fram komi í 1. mgr. 18 gr.

Stjórn LMFÍ hefur óskað eftir viðbrögðum nefndarmanna sem unnu að endurskoðun síðareglanna og mun síðan svara bréfi Dómarafélagsins.

Hverjir bafa lögmansréttindi?

Samkvæmt 15. grein laga um lögmenn metur dómsmálaráðherra hvort umsækjandi um lögmansréttindi gegni starfi sem sé ósamrýmanlegt handhöfn lögmansréttinda.

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfsími (telefax): 568-7057
tölvupóstur (E-mail): lmfi@lmfi.is
heimasíða: www.lmfi.is

Stjórn L.M.F.Í.

Ásgeir Thoroddsen hrl.,
formaður
Gunnar Jónsson hrl.,
varaformaður
Helgi Birgisson hrl.,
gjaldkeri
Ársæll Hafsteinsson hdl.,
ritari

Starfsfólk L.M.F.Í.

Ingimar Ingasson,
framkvæmdastjóri
Jóna Kristjana Kristinsdóttir,
félagsdeild
Hildur Pálmadóttir, ritari
Blaðið er sent öllum félagsmönnum.
Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:
kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.
Netfang ritstjórnar: jks@landslog.is

Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja

Umsjón auglýsinga:

Öflun ehf., sími 533 4440

Vandræði hafa orðið vegna þess að dómsmálaráðherra hefur, að mati stjórnar LMFÍ, ekki tekið nægjanlega á þessari grein lögmannalaganna. Lögmannfélagið hefur ítrekað óskað eftir því við ráðuneytið að það gefi út reglur um það hvaða opinber störf ráðuneytið telji ósamrýmanleg handhöfn lögmannsréttinda. Af því hefur ekki orðið, en dómsmálaráðuneytið aðeins birt auglýsingu um að störf við dómstóla séu ósamrýmanleg handhöfn lögmannsréttinda.

Áður gilti auglýsing byggð á fyrirmælum laga nr. 61/1942, sem tók til mun fleiri starfa en við dómstóla. Þar undir féllu til dæmis störf í stjórnarráði, við embætti lögreglustjóra, tollstjóra, ríkisskattstjóra og saksóknara. Er orðið mjög brýnt að fá hér hreinar línur þar sem að stjórn LMFÍ tekur afstöðu til veitingu undanþága frá ákvæðum 12. gr. laganna um skyldu lögmannna til

að hafa (1) skrifstofu opna almenningi, (2) fjárvörslureikninga og (3) starfsábyrgðartryggingu.

Ljóst er að það er dómsmálaráðherra, en ekki stjórn LMFÍ, sem metur, samkvæmt 15. gr. laga um lögmann, hvaða störf teljast ósamrýmanleg handhöfn lögmannsréttinda. Veiting undanþágu frá ákvæðum 12. gr. um skyldurnar þrjár er hins vegar á valdi stjórnar LMFÍ.

Útgefin málflytningarséttindi og félagatal LMFÍ.

Mikils ósamræmis gætir milli skrár dómsmálaráðuneytisins, um útgefin málflytningarséttindi, og félagatal Lögmannafélags Íslands. Fleiri en tvö hundruð starfsmenn ráðuneyta, sýslumanna og jafnvel dómstóla hafa útgefin málflytningarséttindi, en eru ekki félagar í Lögmannafélagi Íslands. Sjálfsagt má að einhverju leyti skýra þennan mismun með þeim breytingum

sem urðu á handhöfn málflytningarséttinda með nýju lögmannalögum. Hins vegar er ljóst að dómsmálaráðuneytið þarf að gera gangskör í að aðalaga sínar skrár nýjum reglum og sjá til þess að réttindi þeirra leyfishafa sem sinna störfum, ósamrýmanlegum handhöfn lögmannsréttinda, verði felld niður, í samræmi við ákvæði 15. gr. lögmannalaga. Mun framkvæmdastjóri Lögmannafélagsins yfirfara skrárnar með ráðuneytismönnum á næstunni.

Kvörtun til Umboðsmanns Alþingis

Á síðasta ári synjaði stjórn LMFÍ fulltrúa tollstjóra um undanþágu frá skyldum 1. mgr. 12. gr. laga um lögmann. Í rökstuðningi stjórnar sagði meðal annars:

„Löglærðir starfsmenn embættis tollstjórans í Reykjavík sinna störfum sem fulltrúar framkvæmdavaldsins í héraði, það er sem fulltrúar handhafa opinbers valds... Telja verður, að löglærðir starfsmenn sýslumanna og tollstjórans í Reykjavík geti stöðu sinnar vegna mætt við fyrirtökur mála hjá héraðsdómstólum sem beinlínis varða rækslu hagsmuna embættanna, jafnvel þótt slíkum fyrirtökum kunni að fylgja einhver munnlegur málflytningur. Verður ekki litið svo á, að með því að sinna slíkum skyldustörfum, lögboðnum verkefnum embætta þeirra, sem þeir starfa við, séu starfsmennirnir að veita vinnuveitanda sínum þjónustu sem lögmann.“

Þessi niðurstaða var kærð til dómsmálaráðuneytis, sem vísaði stjórn-sýslukærunni frá með þeirri teldist ekki æðra stjórnvald gagnvart stjórn LMFÍ og hefði því ekki heimild til að fella úr gildi eða breyta ákvörðun stjórnar LMFÍ. Fulltrúi tollstjóra hefur nú sent umboðsmanni Alþingis kvörtun vegna þessarar afgreiðslu málsins.

AÐFARARGERÐIR

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara

Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o o o —

Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:

Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984

Dómar í félagarétti 1968-1988

Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982


Dómar um veðréttindi 1920-1988

Dómar í skaðabótamálum 1979-1988

Dómar í skaðabótamálum 1973-1978

Dómar um almennt einkamálaréttarfar

Námssjóður Lögmannafélags Íslands



HÆSTARÉTTARDÓMAR

Hjá dómverði Hæstarréttar fást eftirtaldir árgangar:

1920-1924	500.-	1972	500.-	1942	500.-	1986	1.800.-	tvö bindi
1925-1928 A	500.-	1973	500.-	1943	500.-	1987	2.400.-	tvö bindi
1925-1929 B	500.-	1974	500.-	1944	500.-	1988	3.000.-	tvö bindi
1930	550.-	1975	500.-	1945	500.-	1989	3.600.-	tvö bindi
1931-1932	500.-	1976	500.-	1946 ljþ	800.-	1990	4.500.-	tvö bindi
1933	500.-	1977	500.-	1966	500.-	1991	5.000.-	tvö bindi
1934	500.-	1978	500.-	1967	500.-	1992	6.000.-	þrjú bindi
1935	500.-	1979	500.-	1968	500.-	1993	6.600.-	þrjú bindi
1936	500.-	1980	700.-	1969	500.-	1994	8.800.-	fjögur bindi
1937	500.-	1981	800.-	1970	500.-	1995	8.800.-	fjögur bindi
1938	500.-	1982	900.-	1971	500.-	1996	11.000.-	fimm bindi
1939	500.-	1983	1.000.-			1997	8.800.-	fjögur bindi
1940	500.-	1984	1.200.-	50% afsláttur til laganema		1998	11.000.-	Fimm bindi
1941	500.-	1985	1.400.-					

Samskipti lögmanna og fjölmiðla

Þann 4. apríl síðastliðinn stóð félagsdeild Lögmannafélagsins fyrir námskeiði um samskipti lögmanna og fjölmiðla. Fyrirlesari á námskeiðinu var Dr. Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlafræðingur. Námskeiðið sóttu á annan tug félagsmanna.

Ekki er vafamál að samskipti lögmanna og fjölmiðla hafa aukist mjög og breyst á undanförunum árum. Það er enda svo að umfjöllun fjölmiðla um dómsmál hefur mjög farið vaxandi. Þessi þróun leiðir til þess að auknar kröfur eru gerðar til lögmanna um að þeir komi fram opinberlega fyrir hönd umþjóðenda sinna. Bersýnilegt er að vettvangurinn þar sem lögmenn þurfa að koma fram og verja málstað skjólstæðinga sinna verður ekki framar bundinn einungis við dómsalína. Vafalaust er að lögmenn eru misjafnlega í stakk búnir til að takast á við þetta hlutverk fjölmiðlafulltrúans og örugglega misviljugir til þess líka.

Á námskeiðinu fjallaði Dr. Sigrún um ýmsar hliðar nútíma fjölmiðlunar. Hún ræddi um fréttagildi og fréttamat og um framsetningu þeirra fréttu sem okkur eru færðar á degi hverjum. Sérstaklega fjallaði hún um það hvernig á að standa að því að koma fréttum á framfæri og gaf ýmis heilræði þar um.

Að lokum fjallaði fyrirlesari um framgöngumanna í sjónvarpsviðtölum og tók námskeiðsmenn í sérstaka meðferð til að kenna þeim að kom-

ast sem best frá slíkum viðtölum. Víst er að sumir okkar myndu þurfa ítarlegri þjálfun á því sviði.

Námskeiðið var gagnlegt og skemmtilegt og vakti undirritaðan til umhugsunar um ýmislegt merkilegt og þegar svona tekst til þá eru námskeið sannarlega ekki haldin til einskis.



Dr. Sigrún Stefánsdóttir, fjölmiðlafræðingur kynnis námsefnið.



Ábugasamir lögmenn á fremsta bekk: Gunnar Gunnarsson brl. frá Vegagerðinni ásamt núverandi formanni LMFÍ, Ásgeiri Thoroddsen brl. og fráfarandi formanni, Jakobi R. Möller brl.

Breyting á siðareglum lögmanna

Á aðalfundi Lögmannafélags Íslands 17. mars sl. var m.a. gerð sú breyting á siðareglum félagsins (Codex Ethicus), að 2. mgr. 18. gr. reglnanna var felld brott, en hún hljóðaði svo: „Gagnrýni á störf og starfsháttu dómstóla má einungis hafa uppi á faglegum og málefnalegum grundvelli.“

Eftir stendur ákvæði 1. mgr. 18. gr. reglnanna, sem nú er að finna í 19. gr. þeirra, um að lögmaður skuli sýna dómstólum fulla tillitssemi og virðingu í ræðu, riti og framkomu.

Í greinargerð með frumvarpi til ofangreindrar breytingar á reglunum kemur fram, að áður nefndu ákvæði 2. mgr. 18. gr. hafi á sínum tíma verið ætlað að setja gagnrýni á störf og starfsháttu dómstóla skorður með tilliti til aðstöðu dómara til andsvara. Helgist brottfellingin af því, að nægilegt sé, að lögmaður skuli sýna dómstóli fulla tillitssemi og virðingu og að ekki sé sérstök ástæða til að takmarka umfjöllun um úrlausnir dómstóla umfram það, sem fram kemur í 1. mgr.

Af hálfu Dómarafélags Íslands voru með bréfi 10. mars síðastliðinn gerðar athugasemdir við áður nefnda breytingartillögu, sem nú er orðin að veruleika. Kemur þar fram, að ætla megji, að það hljóti að vera kappsmál bæði lögmanna og dómara, að samskipti dómara og lögmanna séu eðlileg og helst góð. Dómurum sé ekki kunnugt um, að aðstaða þeirra til andsvara sé breytt frá því sem var, er regla 2. mgr. 18. gr. var sett. Í ljósi þess komi félaginu mjög á óvart, að þörf sé þessarar breytingar á siðareglum lögmanna. Þá sé það mat stjórnar félagsins, að ekki séu færð viðhlítandi rök fyrir þeirri niðurstöðu í greinargerð með breytingartillögunni.

Ofangreind skoðun er hér með



Helgi
Jónsson
Héraðsdómari

Ég tel, að með umræddri breytingu hafi verið stigið skref aftur á bak í samskiptum lögmanna og dómara.

árétuð. Jafnframt er lýst vonbrigðum með, að lögmenn, sem eru opinberir sýslunarmenn og njóta réttinda og bera skyldur samkvæmt því, sbr. 2. mgr. 1. gr. lögmanna-laga nr. 77/1998, hafi talið þörf þeirrar rýmkunar á svigrúmi lögmanna til umfjöllunar um dómsmál, sem breytingin hefur í för með sér.

Í kynningarkafla siðareglanna, sem ber yfirskriftina: Helstu breytingar, segir svo: „Heimildir lögmanna til að tjá sig um málefni skjólstaðinga sinna og um *ein-staka dóma* hafa verið mjög til umræðu undanfarið. Gerðar eru breytingartillögur í 5. og 19. gr. fyrirbyggjandi tillagna sem sem að þessu líta.“ Svo sem áður greinir segir hins vegar einungis í greinargerð með breytingunni, að hún helgist af því, að nægilegt sé, að lögmaður skuli sýna dómstóli fulla tillitssemi og virðingu og að ekki sé sérstök ástæða til að takmarka umfjöllun um úrlausnir dómstóla umfram það, sem fram kemur í 1. mgr. [19. gr.].

Sérstaka athygli vekur, að samkvæmt 27. gr. siðareglanna má

lögmaður einungis hafa uppi gagnrýni á störfum annars lögmanns á *málefnalegum grundvelli*. Samkvæmt því hvíla ríkari skyldur á lögmönnum við umfjöllun þeirra um störf hvers annars en þegar þeir tjá sig um dóma, þrátt fyrir þá erfiðu aðstöðu, sem dómara eru í til andsvara.

Ég tel, að með umræddri breytingu hafi verið stigið skref aftur á bak í samskiptum lögmanna og dómara. Engu að síður er það von mín og trú, að eftir sem áður telji lögmenn telji sér bæði rétt og skylt setja fram gagnrýni á störf og starfsháttu dómstóla á faglegum og málefnalegum grundvelli.

Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins undir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl. Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns. Leiguverðið er 2.000 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts. Innifalið er kaffi. Tekið er við pöntunum á skrifstofu L.M.F.Í.

Á r s h



Nýkjörinn formaður, Ásgeir Thoroddsen brl. ásamt heiðursgesti kvöldsins, Halldóri Ásgrímssyni, utanríkisráðherra og Unu Maríu Óskarsdóttur eiginkonu Helga Birgissonar brl.



Málin krufin af þeim Árna Vilhjálmsyni brl., Othari Erni Petersen brl. og Þorsteini Haraldssyni brl.



Leikþáttur kvöldsins „Poco Locos-Lögmannsþjónusta í 207 ár“.

Árshátíð félagsins var haldin 18. mars síðastliðinn á Hótel Loftleiðum eins og undanfarin ár. Heimateiti valinkunnra lögmannna stóðu fyrir sínu og af þeim loknum flykkust prúðbúnir hópar lögmannna og maka þeirra í Víkingasalinn rétt fyrir hálf átta. Menn voru létir og stemmning góð og virtust allir ákveðnir í að njóta kvöldins. Áberandi var hve unga kynslóðin sótti árshátíðina vel þetta árið og er það vel. Heiðurgestur kvöldsins, Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra og kona hans Sigurjóna Sigurðardóttir, voru mætt og féllu fljótt í hóp góðgláðra lögmannna og maka þeirra. Veislustjóri kvöldsins, Þórunn Guðmundsdóttir hrl. stýrði samkomunni af mikilli röggsemi og hitaði upp með úrdrætti í happdrætti en þrír vinningar voru í pottinum meðal annars innanlandsferð fyrir tvo í boði Flugfélags Íslands. Hvernig sem á því stóð, fóru allir vinningarnir til lögmannna sömu stofunnar, Logos. Vilja sumir kenna um nýjum starfsmanni félagsdeildar LMFÍ, sem starfaði hjá A&P Lögmonnum á sínum tíma. Þórunn hélt uppi stemmingu á meðan snæddur var veislukvöldverður. Upplýsti hún að morgunmaturlarmanna væri spegill frammistöðu þeirra í rúminu. Voru karlmenn á eitt sáttir að ekki væri við hæfi að viðurkenna morgunmat á borð við ristað brauð og te, sem þykir merki

á t í ð

um slappa frammistöðu. Munu nær allir karlmenn hafa upplýst að þeir helli í sig einum svörtum kaffibolla og njóti konunnar í morgunmat! Einn lögmaður viðurkenndi þó fúslega löngun sína í Cocoa Puffs og Ceerios, við samúð nærstaddra. Eftir umræður um morgunmat karlpeningsins komu Fjórar Klassískar og sungu fyrir veislugesti. Halldór Ásgrímsson fór á kostum með gríni af lögmönnum og stjórnmálamönnum og fór um víðan völl. Skemmtiatriði lögmanna, „Poco Logos - Lögmansþjónusta í 207 ár“ var í höndum lögmanna hjá Logos og mátti sjá að æft hafði verið stíft síðustu dagana. Þóttu margir kannast við atburði leikþáttarins úr daglega amstrinu.

Hjómsveit Birgis Gunnlaugssonar var að venju mætt á staðinn og tóku veislugestur nokkra léttu „Mambóa“ í takt við tóna hljómsveitarinnar. Einnota myndavélar voru settar á nokkur borð og hefði verið hægt að birta heilan myndaflokk af gleði veislugesta en við látum nokkrar vel valdar myndir duga. Hljómsveitin hætti þegar hæst stóð en orðið var nokkuð áliðið. Töldu sumir að nóg væri komið en aðrir héldu í heimateiti og ræddu málin fram undir morgun.

Skemmtinefndinni þeim Jónínu Bjartmarz og Ragnari Tómasi Árnasyni undir stjórn Valborgar Snævarr var þakkað vel heppnað kvöld og munu nokkrir hafa bókað sig strax á næstu árshátíð.



Veislustjóri kvöldsins Þórunn Guðmundsdóttir brl. ásamt framkvæmdastjóra LMFÍ Ingimari Ingasyni.



Fulltrúar íslenskra karlmanna; Páll Arnór Pálsson brl. og Tómas Jónsson brl. skörtuðu íslenska búningnum.



Gunnar Jónsson brl. og Kristín Þórisdóttir eiginkona hans taka léttan snúning ásamt öðrum glaðbeittum ársbátidargestum.

Einföld fullnaðarkvittun lögmanns

Í norrænum rétti hafa verið taldar gilda ákveðnar reglur um svokallaðar fullnaðarkvittanir. Fullnaðarkvittun er álitin staðfesting þess að kröfuhafi hafi móttengið greiðslu sem efndir á allri kröfu sinni og að kröfuhafi eigi þannig ekki frekari kröfur á hendur skuldara. Slík yfirlýsing hefur réttaráhrif gagnvart frekari kröfum vegna sömu lögskipta, sem kröfuhafa var eða mátti vera kunnugt um og átti að hafa aflað sér upplýsinga um áður en hann gaf út fullnaðarkvittunina. Almennt er gengið út frá að brostnar forsendur kröfuhafa fyrir útgáfu fullnaðarkvittunarinnar geti engu breytt um uppgjöf kröfuhafans á frekari kröfum. Komi því síðar í ljós atvik sem leitt geta til þess að kröfuhafi hefði átt rétt til frekari greiðslna þá útilokar fullnaðarkvittun almennt að slíkar kröfur verði hafðar uppi. Um þetta hafa þó verið talin gilda sérstök sjónarmið þegar um er að ræða bætur fyrir líkamstjón.

Framangreindur skilningur er sá sem almennt hefur verið lagður til grundvallar hér á landi þegar gefnar hafa verið út fullnaðarkvittanir. Með greiðslu umdeildrar kröfu gegn fullnaðarkvittun er leitast við að spara útgjöld af rekstri dómsmáls, auk þess sem alltaf ríkir ákveðin óvissa um niðurstöðu í málum sem rekin eru fyrir dómi. Komi síðar til einhver atvik eða t.d. ný dómáfordæmi þá getur sá sem gefið hefur út fullnaðarkvittun ekki gert frekari kröfur með vísan til slíks. Ætlun aðila er sú að málum sé lokið og fullnaðarkvittun bindur almennt hendur þeirra. Á gildi fullnaðarkvittana hefur reynt í mörgum dómsmálum og hafa framangreind sjónarmið verið lögð til grundvallar dómniðurstöðum



Reimar Pétursson, bdl.

(sjá t.d. Hrd. 1997, bls. 3776, Hrd. 1997, bls. 3786, og Hrd. 1999, bls. 139).

Þegar litið er til nýlegrar dómaframkvæmdar verður vart við breytt viðhorf frá þessum almenna skilningi á fullnaðarkvittunum og skuldauppgjörum.

Starfsmaðurinn hafði ráðfært sig við lögmann sinn í fleiri skipti en eitt áður en hann undirritaði samninginn án allra fyrirvara.

Mál Bjarna Magnússonar gegn Landsbanka Íslands hf.

Hinn 3. febrúar síðast liðinn gekk dómur í Hæstarétti í máli nr. 371/1999: Bjarni Magnússon gegn Landsbanka Íslands hf. Þar var aðstaðan sú, að starfsmaður Landsbanka Íslands hf. hafði gert starfslokasamning sem m.a. fól í sér greiðslur til starfsmannsins. Í samningnum var tekið fram, að hvorki hann né bankinn ætti frekari kröfur á hinn í tilefni af starfslokunum. Í samningnum fólst því fullnaðarkvittun. Starfsmaðurinn hafði ráðfært sig við lögmann sinn í fleiri skipti en eitt áður en hann undirritaði samninginn án allra fyrirvara.

Hann hélt þó síðar fram ógildi hans fyrir dómi og gerði kröfur á þeim grundvelli að hann ætti efnislega rétt til frekari greiðslna en samningurinn kvæði á um. Með dómi Hæstaréttar var starfslokasamningnum vikið til hliðar að hluta og fallist á frekari kröfur starfsmannsins í tilefni af starfslokunum. Var niðurstaðan rökstudd meðal annars á svofelldan hátt:

„Mátti [bankastjórninni] vera ljóst að áfrýjandi gerði sér ekki fulla grein fyrir stöðu sinni, er hann ritaði undir starfslokasamninginn rétt áður en hann og lögmaður hans áttu boðaðan fund með bankastjóra. Naut hann ekki samræðs við lögmanninn við undirritun samningsins. Verður í ljósi aðdraganda og aðstæðna að telja ósanngjarnt í skilningi 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umbod og ógilda löggæringa, sbr. lög nr. 11/1986, að áfrýjandi skuli vera bundinn af samningnum. Verður að vika honum til bliðar að bluta.“

Hér er gengið út frá því að meðal annars hafi leitt til ógildingar að starfsmaðurinn naut ekki samræðs við lögmann sinn einmitt þegar hann undirritaði samninginn, enda þótt fyrir lægi að hann hafði ráðfært sig við hann áður. Þá leggur dómurinn að því er virðist til grundvallar að þrátt fyrir samráð við lögmann hafi starfsmaðurinn ekki gert sér fulla grein fyrir stöðu sinni við undirritun eða þýðingu hennar. Þessar forsendur Hæstaréttar eru a.m.k. umdeilanlegar. Aðstaðan í málinu var sú að starfsmaðurinn og bankinn deildu um hver starfslokakjör ættu að vera. Vitanlega er aðstaðan sú í öllum tilvikum sem aðilar deila þá tefla þeir fram þeim sjónamiðum um lög og

reglur sem þeir telja kröfum sínum helst til framdráttar. Þegar samið er um uppgjör utan réttar í slíkum deilum þá hafa jafnan báðir aðilar slegið eitthvað af sínum ítrustu kröfum. Ef síðar kemur í ljós, eftir að dómur er genginn í einhverju öðru máli, að annar aðilinn hafi átt efnislega rétt til frekari greiðslna á það engu að breyta um gildi fullnaðarkvittunar. Aðstaðan er einfaldlega sú að aðilarnir hafa kosið að semja um málið utan réttar frekar en að leggja í áhættusöm málaferli fyrir dómi sem erfitt er að spá fyrir um niðurstöður í. Veigamikil rök hníga til þess að slíkur samningur séu gildir og bindi aðila á þann hátt að sýkna beri af öllum frekari kröfum. Er reyndar eðlilegt að fjalla fyrst um gildi fullnaðarkvittunarinnar, en að því loknu um hvern efnislegan rétt aðilarnir kunna ef fullnaðarkvittunin telst ógild. Kemur því niðurstaða Hæstaréttar og efnisuppbygging dómsins nokkuð á óvart.

Nú skyldi mega ætla, með hliðsjón af ummælum í framangreindum dómi um fjarveru lögmanns, að þær fullnaðarkvittanir sem aðilar undirrita að lögmonnum viðstöddum hefðu meira gildi en aðrar slíkar kvittanir. Enn fremur skyldi mega ætla að þær kvittanir sem lögmann undirrita sjálfir í umboði aðila hefðu alveg sérstakt gildi umfram þær kvittanir sem aðilinn sjálfur undirritar, jafnvel að lögmanni viðstöddum. Svo virðist þó ekki vera sé enn litið til nýlegrar dómaframkvæmdar.

Nærvera lögmanns - Mál Jóhannesar Rafns Guðnasonar gegn Flugafreiðslumi o.fl.

Hér skal nefndur dómur Hæstaréttar frá 24. febrúar 2000 í máli nr. 372/1999: Flugafreiðslan, Sigurbjörn Björnsson og Hilmar Rafn Sölvason gegn Jóhannesi Rafni Guðnasyni. Þar var aðstaðan sú að starfsmanni hafði fyrirvaralaust verið sagt upp störfum á þeim grundvelli að hann væri grunaður um þjófnað frá viðskiptavinum vinnu-

veitandans. Starfsmaðurinn réð sér lögmann til að gæta hagsmuna sinna. Sá höfðaði mál fyrir héraðsdómi þar sem aðförin að starfsmanninum var m.a. lýst tilhæfulaus með öllu og kröfur gerðar af því tilefni. Enginn áskilnaður kom fram um að starfsmaðurinn teldi sig eiga frekari kröfur á hendur vinnuveitandanum vegna uppsagnarinnar.

Þá leggur dómurinn að því er virðist til grundvallar að þrátt fyrir samráð við lögmann hafi starfsmaðurinn ekki gert sér fulla grein fyrir stöðu sinni við undirritun eða þýðingu hennar.

Undir rekstri málsins kom í ljós að ríkissaksóknari sá ekki tilefni til frekari rannsókna á máli starfsmannsins. Við svo búið var samið við lögmann starfsmannsins um uppgjör héraðsdómsmálsins og gaf lögmaðurinn út fullnaðarkvittun, sem óumdeilt var í málinu að fól í sér uppgjör héraðsdómsmálsins. Enginn fyrirvari var gerður við útgáfu fullnaðarkvittunarinnar um frekari kröfur af hálfu starfsmannsins. Ágreiningslaust var að lögmaðurinn hafði umboð til útgáfu fullnaðarkvittunarinnar. Tveimur og hálfu ári frá útgáfu fullnaðarkvittunarinnar höfðaði starfsmaðurinn

... hingað til ekki verið gengið út frá tilvist nokkurs sem heita má „einföld fullnaðarkvittun“. Annað hvort hefur fullnaðarkvittun verið gefin út eða ekki.

mál til heimtu miskabóta vegna uppsagnarinnar.

Af hálfu vinnuveitandans var því haldið fram að slíkar kröfur ættu

ekki rétt á sér þar sem þegar hefði verið gefin út fullnaðarkvittun vegna málsins.

Í dómi Hæstaréttar var fyrst fjallað um efnislegan rétt aðila og komist að þeirri niðurstöðu að starfsmaðurinn hafði átt rétt til miskabóta. Að því búnu var fjallað um gildi fullnaðarkvittunar lögmanns starfsmannsins. Í dómi Hæstaréttar segir svo:

„Kvittun til aðaláfrýjenda [vinnuveitandans] fyrir greiðslunni var einföld fullnaðarkvittun lögmanns fyrir uppgjör á málinu, og verður henni ekki ætlað sérstakt gildi umfram það.“

Þessi niðurstaða og þessar forsendur Hæstaréttar orka tvímælis. Í fyrsta lagi er sú nálgun sérstök að taka fyrst efnislegan rétt aðila til umfjöllunar áður en tekin er afstaða til þess hvort gild fullnaðarkvittun hafi verið gefin út. Í öðru lagi hefur hingað til ekki verið gengið út frá tilvist nokkurs sem heita má „einföld fullnaðarkvittun“. Annað hvort hefur fullnaðarkvittun verið gefin út eða ekki. Hafi slík kvittun verið gefin út þá markar hún einmitt lok máls og verður henni almennt ætlað það gildi. Rökstuðningur Hæstaréttar er torskilinn. Hann verður væntanlega að skilja svo að lögmaður starfsmannsins hafi haft uppi nægjanlegan áskilnað um frekari kröfur. Jafnan hafa þó áður verið gerðar meiri kröfur um að slíkur áskilnaður komi fram en í þessu tilviki. Má velja því fyrir sér hvort hér sé um stefnubreytingu að ræða sem feli í sér að gæta verður mun betur að því en áður að fullnaðarkvittanir séu algjörlega afdráttarlausar um að þær feli í sér lyktir máls og þá hvaða máls.

Tvöföld fullnaðarkvittun?

Athyglisverðasti flöturinn á þeirri dómaframkvæmd sem lýst var er sá hvort ráðleggja eigi aðila, sem hefur í höndum fullnaðarkvittun, að bjóða útgefanda hennar, sem hótar málaferlum vegna frekari krafna t.d. byggðum á nýjum dómafordæmum, ef til vill ein-

hverja frekari greiðslu gegn nýrri fullnaðarkvittun. Með því kæmist handhafi fullnaðarkvittunarinnar væntanlega hjá óvissu og kostnaði við rekstur dómsmáls um kröfu út-

gefanda hennar. Ef útgefandinn tæki slíku boði, hvaða þýðingu hefði þá nýja fullnaðarkvittunin? Í slíku falli hefðu verið gefnar tvær fullnaðarkvittanir, eða með öðrum

orðum „tvöföld fullnaðarkvittun“. Kannski það sé nóg til að fyrirbyggja frekari kröfugerð.

Meistaramót LMFÍ í knattspyrnu innanhúss anno 2000

Þá er verið að koma og það þýðir allavega tvennt. Óli Axels er farinn að munda golfkylfurnar og fótboltamót LMFÍ innanhúss nálgast.

Margir hafa velt því fyrir sér af hverju útimótið er ekki haldið á vorin, en innimótið á haustin. Svárið er einfalt. Íþróttahúsin eru ekki laus nema í maí, og gervigrasvellirnir eru ekki lausir með góðu móti fyrir en eftir landsmótin á haustin.

Mótið fer fram þann 12. maí næst komandi, og að sjálfsögðu í íþróttahúsi Fram við Álftamýri, þ.e. ef Sveinn Andri Sveinsson verður ekki búinn að selja svæðið hæstbjóðanda. Leikið verður með sama sniði og undanfarin ár, tveir riðlar, og komast tvö lið upp úr hvorum riðli sem spila í kross. Sigurvegarar úr þeim leikjum spila til úrslita, en tapliðin spila um þriðja sætið.

Núverandi handhafi bikarsins er Bolti.is, en þeir brutu blað í sögu keppinnar með sigri sínum þar sem einu liðin sem unnuð höfðu keppnina þar til í fyrra, voru lið Grínarafélagsins og Reynslu og léttleika sem eldast og þyngjast með hverju árinu sem líður.

Nú er bara að taka frá þann 12. maí í dagbókinni, mótið hefst væntanlega um kl. 13:00 og stendur fram eftir kvöldi. Öllum fyrirtökum og mætingum eftir hádegi þann 12. maí ber að fresta þegar í stað.

Spilað er eftir gamla kerfinu (monrad), þ.e. fjórir leikmenn spila inná í hverjum leik. Varannafjöldi er ótakmarkaður, en hámarksþyngd liðsins í heild má ekki fara yfir 2 tonn þar sem gólfíð í Fram húsinu þolir ekki meiri þyngd.

Skilyrði er að meirihluti leikmanna og fimm í það minnsta, séu félagsmenn í LMFÍ, aðrir þurfa að hafa lokið lögfræðiprófi og vera

a.m.k. 25 ára með fullan félagslegan þroska. Ein undantekning hefur verið gerð á þessari reglu, en hún er sú að Héraðsdómi Reykjavíkur er heimilt að senda lið til keppinnar og mega þeir styrkja lið sitt með liðsmönnum annarra embætta og eða lögmannna. Því miður hefur Héraðsdómur ekki sent lið undanfarin þrjú ár, en alltaf er von. Þess skal getið að algert jafnræði er á milli kynja, þannig að konur eru velkomnar til þátttöku. Eina skilyrðið er að klæðnaður þeirra hafi ekki truflandi áhrif á karlpeninginn.

Þátttökutilkynningu ber að skila til skrifstofu LMFÍ (myndriti 568-7057 eða á tölvupósti jonak@lmfi.is) fyrir 5. maí næst komandi. Í tilkynningunni þarf að koma fram:

- 1) Hverjir skipi viðkomandi lið.
- 2) Hver verði tengiliður liðsins við mótanefndina.
- 3) Nafn á liðinu.

Keppt verður um farandbikar og veitt verða verðlaun fyrir fyrstu 3 sætin. Þáttökugjald verður um það bil 5.000 kr., en það ræðst endanlega af fjölda liða.

Það er því um að gera að hysja upp um sig sokkana og setja saman lið. Verði ágreiningur um kaup og sölu leikmanna milli liða, eða annars konar ágreiningur sem upp kann að koma, þá hefur verið skipuð sérstök úrskurðarnefnd í slíkum málum, og skipa þá nefnd Marteinn Mátsson hdl. og Þórunn Guðmundsdóttir hrl. Ber nefndin heitið Úrskurðarnefnd Teina og Tótu.

*Smári Hilmarsson bdl.
f.b. nefndarinnar*

Öflun lögmansréttinda í Frakklandi

- störf og siðareglur franskra lögmanna -

Undirritaður stundaði framhaldsnám í alþjóðalögum og alþjóðaviðskiptum í ILERI stofnuninni í París „Institut Libre d'Etude des Relations Internationales“ á árunum 1995-1997. Að loknu framhaldsnámi var stefnan sett á öflun lögmansréttinda í Frakklandi þar eð slíkt væri nauðsynlegt í starfi lögmans sem hugðist praktisera að hluta til í Frakklandi. Voríð 1997 hófst undirbúningur þessa um margt reynsluríka ferlis.

1. Öflun franskra lögmansréttinda fyrir franska ríkisborgara

Franskir lögfræðingar sem hafa lagagráðu „Maîtrise en droit“ þurfa að gangast undir próf til að komast á eins árs námskeið hjá stofnun sem kallast CFPA (Centre professionnelle des avocats). Að jafnaði er um 70-85% fall í þessu prófi. Á þessu námskeiði eru þátttakendur þjálfaðir fræðilega og í praktískum atriðum, taka þátt í seminárum, tilbúnum réttarhöldum og fleira. Eftir námskeiðið þarf að taka annað próf til að öðlast skírteini sem kallast CAPA (Certificat d'aptitude à la profession d'avocat). Þegar menn hafa öðlast þetta skírteini geta þeir leitað til ákvedins lögmannafélags til að skrá sig á lista þar til starfsnáms. Þeir þurfa svo að starfa í tvö ár hjá lögmanni í starfsnámi til að geta sótt um inngöngu í lögmannafélag. Stjórn viðkomandi lögmannafélags tekur ákvörðun um inngöngu. Lögmansréttindi veita réttindi til málflutnings fyrir dómstólum í öllu landinu en lögmenn hafa þó svæðisbundinn einkarétt til undirbúnings máls fyrir dómstólum, þ.e. til



Baldvin Björn Haraldsson, bdl.

þess að leggja gögn fyrir dómstóla.

2. Öflun lögmansréttinda fyrir erlenda ríkisborgara innan og utan EES fyrir 1999

Frá 1991 til 1999 var erlendum lögmönnum sem heimilisfesti áttu innan EES svæðisins heimilt að starfa í Frakklandi að einstökum málum, undir titli þeim sem þeir höfðu öðlast í heimalandinu. Íslenskur lögmaður hefði getað starfað að einstökum málum undir titlinum héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður.

Þeir ríkisborgarar EES ríkja sem gerast vildu aðilar að lögmannafélagi þurftu að sækja um inngöngu í eitthvert lögmannafélag í Frakklandi, en eitt lögmannafélag er við hvern áfrýjunardómstól (Cour d'Appel) í Frakklandi. Í landinu eru 30 áfrýjunarréttir og því 30 lögmannafélög. Stjórn hvers lögmannafélags mat umsóknir um aðild. Umsókn um aðild var þannig metin að kallað var fyrst eftir upplýsingum um viðkomandi einstakling. Þá var kallað eftir nákvæmum upplýsingar um stöðu réttarkerfis heimaríkis viðkomandi lögmans, lægju þær ekki þegar fyrir. Á grundvelli þessara upplýsinga mat stjórn lögmannafélagsins það á hvaða sviðum fransks réttar viðkomandi lögmaður hefði ekki

ásættanlega þekkingu. Var honum svo gert að gangast undir próf í þeim fögum. Þau próf voru fjögur ef þekking viðkomandi á frönskum rétti var ekki upp á marga fiska. Var þá eitt þeirra skriflegt. Eftir því sem þekkingin þótti viðameiri fækkaði prófunum. Væru þau færri en fjögur voru þau öll munnleg.

Munnlegu prófin fóru þannig fram að einn fyrrverandi formaður viðkomandi lögmannafélags, einn dómari við áfrýjunardómstól og einn prófessor í lögum yfirheyrðu kandídatinn. Um tíu mínútum áður en prófið átti sér stað dró kandídatinn eitt úrlausnarefni úr hatti og var það fyrsta úrlausnarefni prófsins. Önnur fylgdu í kjölfarið. Meðaleinkunn þessara þriggja prófa sagði til um hvort kandídatinn hefði staðist. Eftir próftökuna þurfti að sverja eið fyrir áfrýjunarrétti áður en skírteinið var afhent.

3. Reglugerð 98/5.

Í byrjun árs 1999 tók gildi innan Evrópusambandsins reglugerð nr. 98/5 um þjónustu lögmanna í öðrum löndum EES en upprunalandi lögmansréttinda þeirra. Með reglugerðinni hefur verið einfaldað fyrir erlenda lögmenn innan EES að veita þjónustu í öðrum aðildarlöndum, undir titli þeim sem þeir nota í heimalandinu. Vilji lögmenn frá EES-ríki sækja um aðgang að lögmannafélagi í gistiríkinu geta þeir fengið sjálfkrafa aðgang hafi þeir starfað í gistiríkinu við lög þess í að minnsta kosti 3 ár. Ef starf þeirra hefur hins vegar ekki á því tímabili tengst á fullnægjandi hátt lögum gistiríkisins er hægt að gera umsækjendum að gangast

undir próf líkt og lýst er hér að framan til að öðlast aðgang að félaginu. Góð kunnátta í tungumáli innfæddra er einnig að sjálfsögðu algert inngönguskilyrði.

4. Píslargangan

Ferill umsóknar minnar um aðild að lögmannafélagi Parísarborgar byrjaði með heimsókn í lögmannafélag Parísarborgar „Le Barreau de Paris“ hvar ég fékk viðtal við framkvæmdastjóra eftir nokkurt samningabóf. Þegar í viðtalið var komið byrjaði ég fjálglega að tala um samninginn um EES og öll þau mikilvægu réttindi sem sá samningur veitti íslenskum ríkisborgurum í gistiríki sem einnig væri aðili að samningnum. En hvorki framkvæmdastjórinn né aðrir sem að málinu komu innan lögmannafélagsins höfðu heyrt um EES. Var mér sýnd útidyrarhurðin með þeim orðum að slíkar skammstafanir hefðu aldrei heyrst á þessum bæ og að Íslendingar hefðu ekki mikið að gera upp á dekk í slíkum erindagjörðum. Skildi ég þá fljótt að gangan yrði löng.

Fyrsta verk mitt var því að sannfæra lögmannafélagið um að reglur ESB um viðurkenningu prófgráða ættu við um íslenska ríkisborgara í Frakklandi. Upphöfst söfnun upplýsinga, bréfasendingar og símtöl sem sent atlaði endi að taka. Að loknu 8 mánaða þvargi við félagið var það samþykkt að íslenskir ríkisborgarar lytu sömu lögum og þegnar ESB-landa hvað varðaði viðurkenningu prófgráða og öflun lögmansréttinda í Frakklandi. Fyrsta skrefið var stig-ið.

Stuttu síðar var þess óskað bréflaga að ég aflagði mjög ítarlegra upplýsinga á ensku og frönsku um íslenskt réttarkerfi og löggjöf, og sendi til lögmannafélags Parísarborgar, auk þýddra prófgráða, fæðingarvottorðs, sakarvottorðs og móralskra meðmælabréfa. Eftir að stjórn félagsins hafði metið umsóknina og yfirfarið helstu grunnreglur á flestum sviðum ís-

lenskrar löggjafar var mér tilkynnt bréflaga að ég þyrfti að hringja inn á fund stjórnarinnar á ákveðnum degi og ræða við þá um tilhögun prófa. Var þetta líklega gert til að stjórnin gæti athugað frönskukunnáttu mína. Var mér tjáð í símtali þessu að íslensk löggjöf hefði ekki að geyma stjórnarsýslurétt. Ummæli þessi komu mér nokkuð á óvart og skýrðust ekki fyrir en ég kynnti mér franskan stjórnarsýslurétt fyrir próf þau sem mér var gert að taka. Í símtali þessu var mér einnig kynnt að ég þyrfti, auk stjórnarsýsluréttar, að undirgangast próf í

— — — — —

En hvorki framkvæmdastjórinn né aðrir sem að málinu komu innan lögmannafélagsins höfðu heyrt um EES.

— — — — —

vinnurétti og siðareglum lögmanna, en stjórninni fannst greinilega pottur brotinn í siðareglum LMFÍ.

Hófst þá undirbúningur prófanna og fór hann að mestu leyti fram í Frakklandi. Prófin voru munnleg og fólust ekki í því að nemandinn ætti að halda þar fyrirlestur heldur átti sér stað dialóg. Í fyrsta prófinu í siðareglum franskra lögmanna kom þetta mér í opna skjöldu enda hafði undirbúningur minn falist í allt öðru en grimnum rökræðum um siðareglur. Frammistaða mín í prófinu var ekki upp á marga fiska. Álit stjórnar lögmannafélags Parísarborgar á siðareglum íslenskra lögmanna lagaðist altént ekki við þessa uppákomu. Gengu hin prófin þó betur enda mætti ég í þau með öðru hugarfari og hafði þá undirbúið rökræður.

Hinn 1. júlí 1998 sór ég eið fyrir áfrýjunarrétti Parísar. Var það nokkuð viðamikil og glæsileg athöfn og er það skoðun mín að gera mætti að ósekju meira úr veitingu lögmansréttinda hér á landi.

5. Störf franskra lögmanna og siðareglur

Franskir lögmenn bera starfsheitið Maître en það er starfsheiti sem nokkrar starfsstéttir bera sem hafa sérstök lögvernduð réttindi til að starfa á eigin ábyrgð. Þeir hafa einkarétt til starfa fyrir öllum dómstólum nema lægst settu dómstólunum sem taka við málum með smáum hagsmunum. Störf franskra lögmanna voru áður fyrir nokkuð skipt milli þeirra sem veittu ráðgjöf til viðskiptavina og þeirra sem fluttu málin. Þó var skiptingin nokkuð flóknari en hún er nú í Bretlandi t.d., þar sem eru Barristers og Solicitors. Mikil breyting var gerð á lögmannastéttinni árið 1990. Eftir þessa breytingu er í Frakklandi í raun bara starfandi ein stétt lögmanna, Avocats, en enn eimir þó nokkuð af gamalli stétt sem kallast Avoués, en þeir hafa í dag einkarétt á að undirbúa mál sem lögð skulu fyrir áfrýjunardómstól, jafnvel þó lögmaðurinn sjálfur (Avocat) hafi einnig leyfi til að flytja málið þar. Sérstök réttindi þarf fyrir Cour de Cassation og Conseil d'Etat en þau réttindi eru fáum útvöldum veitt. Fást réttindin með því að kaupa stöðuna er slík staða losnar. Slíkir lögmenn eru starfsmenn frönsku stjórnarsýslunnar.

Lögbókendur eða notariúsar eru enn til í Frakklandi og gera þeir kaupsamninga um húsnæði, erfðaskrár, kaupmála og fleira sem þinglýst er. Greiðsla til þeirra fyrir þinglýsingu er lögbundin hlutfallstala hagsmuna þeirra sem þinglýst er, og gefur þinglýsing ekki nægilega réttarvernd gagnvart þriðja manni ef hún er ekki framkvæmd af notariús.

Eftir breytinguna frá 1990 er einkaréttur til lögfræðilegrar ráðgjafar veittur lögmönnum, lögfræðingum í fyrirtækjum og sérstakri stétt manna (huissiers) sem sér um stefnubirtingar, innheimtu á kröfum o.fl., en áður voru réttindi lögmanna til þess ekki vel varin. Þá hefur átt sér stað sú mikilvæga breyting að lögmenn geta í dag

starfað undir ýmsum fyrirtækjaformum. Fyrir einungis nokkrum árum máttu lögmenn í Frakklandi ekki starfa saman undir fyrirtækjaformi sem takmarkaði ábyrgð þeirra á fjármálum fyrirtækisins, eins og hlutafélög gera. Þessu var breytt í því skyni að efla samkeppnisstöðu franskra lögmennstofa á alþjóðlega vísu enda höfðu þá þegar stórar erlendar lögmennstofur hafið starfsemi á franskri grundu.

Hver franskur lögmaður þarf að vera aðili að lögmannafélagi. Formaður lögmannafélagsins hefur nokkuð mikil völd. Getur t.d. gefið lögmönnum aðvaranir vegna brota í starfi og stjórnar rannsókn á brotum á siðareglum, hann getur einnig verið sáttasemjari í deilu milli tveggja lögmanna og getur at-

*Sérstök réttindi þarf fyrir
Cour de Cassation og
Conseil d'Etat en þau
réttindi eru fáum útvöldum
veitt. Fást réttindin
með því að kaupa stöðuna
er slík staða losnar.*

hugað fjárvörslureikninga lögmanna.

Verulega strangar reglur gilda um fjárvörslureikninga lögmanna í Frakklandi. Hvert lögmannafélag hefur einn sérstaklega útbúinn reikning sem lögmenn leggja allir inná fjármuni fyrir viðskiptavinum sínum. Ef einhver misbrestur er á því að fjármunir sem þangað koma

inn fari strax til viðskiptavina eru við því ströng viðurlög. Mikið eftirlit er haft með fjárvörslum lögmanna. Þá má á það minnast að lögmenn í Frakklandi njóta algerrar friðhelgi gegn hvers konar kröfum vegna fullyrðinga sem þeir setja fram í ræðu og riti fyrir viðskiptavinum sínum fyrir dómi, svo þeir geti á sem bestan hátt unnið fyrir skjólstæðingum sínum.

Auglýsingabann hjá lögmönnum er nánast algert í Frakklandi. Samkvæmt siðareglunum er þess krafist að haft sé samband við formann lögmanna og undir hann borið ef lögmaður hyggst rita blaðagrein, sé hún líkleg til að hafa verulegt auglýsingagildi. Telja verður að slíkar reglur muni ekki verða langlífur.

Breytingar á félagatali

Nýr vinnustaður:

Ragnar Aðalsteinsson, hrl.

Klapparstíg 25-27, 3.hæð
101 Reykjavík
vs: 511-1206
fax: 511-1207
netf.: ragnar@adalsteinsson.is

Elvar Örn Unnsteinsson, hdl.

Netf.: elvar@codex.is

Magnús Guðlaugsson, hrl.

Netf.: magnus@codex.is

Jón Höskuldsson, hdl.

Netf.: jonhosk@codex.is
Hafa flutt lögmennstofu sína Lögrún s.f., á Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
S: 511-2000
Fax: 511-2001

Valborg Þ. Snævarr, hdl.

Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
S: 561-3360
Fax: 511-2001
Netf.: valborg@codex.is

Leifur Árnason, hdl.

Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík
S: 511-2000
Fax: 511-2001
Netf.: leifur@codex.is

Sigurður S. Arnalds, hdl.

Sólvallagötu 48, 101 Reykjavík
S: 575-1770
Fax: 551-1333
Netf.: sarnalds@itn.is

Einar S. Hálfðánarson, hrl.

Stórhöfða 23, 110 Reykjavík
S: 580-3000
Fax: 580-3001
Netf.: esh@deloitte.is

Guðmundur Örn Guðmundsson, hdl.

Fjarðargötu 11, 220 Hafnarfirði
S: 555-3033
Fax: 565-2423
Netf.: law@simnet.is

Ný málflutningsréttindi:

Þórður Bogason, hdl.
Höfðabakka 9, 112 Reykjavík
S: 587-1286
Fax: 587-1247
Netf.: thordur.bogason@justice.is

Arnór Halldórsson Hafstað, hdl.

Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík
S: 568-7850
Fax: 568-8214
Netf.: icelaw@itn.is

Helgi Bragason, hdl.

Bárustíg 15, 900 Vestmannaeyjum.
S: 481-2622
Fax: 481-1551

Ný málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands:

Garðar Valdimarsson, hrl.
Einar S. Hálfðánarson, hrl.
Jóhannes Karl Sveinsson, hrl.

Viðmiðunarreglur fyrir héraðsdómstólana

(Sakamál)

Athygli ritstjóra var vakin á því að Dómstólaráð hefði gefið út leiðbeinandi reglur til héraðsdómstólanna um ákvörðun þóknunar og málsvarnarlauna verjenda. Ráðið lét Lögmannablaðinu reglurnar góðfúslega í té til birtingar og fylgja þær hér á eftir. Samræming og jafnræði í þessum efnum er mikilvægt og til bóta. Líklega finnst ýmsum lögmönnum tímagjald heldur í lægri kantinum. Þá vekur ákvæði VI. greinar um endurskoðun tímagjalds upp spurningar um það hvernig mældar verði „almennar“ breytingar á gjaldskrár lögmanna og hvort ekki hefði verið heppilegra að binda þann grunn öðrum viðmiðunum.

I.

Ákvörðun málsvarnarlauna verjanda þegar fram fer sókn og vörn

1. Bóka skal nákvæmlega hvenær þinghald hefst og hvenær því lýkur og miða málsvarnarlaun við þann tíma, þó þannig að brot úr klukkustund telst heil klukkustund.
2. Dómari ætli verjanda tíma fyrir yfirlestur málsins og undirbúning málflytninga og hafi við það í huga eðli sakarefnis og umfangs málsins.
3. Samanlagðir tímar samkvæmt liðum 1 og 2 séu margfaldaðir með kr. 6.500 pr. klukkustund.
4. Þegar fyrir liggur fjárhæð samkvæmt ofansögðu sé hún annaðhvort hækkuð eða lækkuð svo að hún hlauði á hálfum eða heilum tug þúsunda.
5. Málsvarnarlaun séu þó aldrei lægri en kr. 30.000.

6. Leggi verjandi fram tímaskýrslu skal framangreint haft í huga við mat á réttmæti hennar.

II.

Ákvörðun þóknunar verjanda þegar ekki fer fram sókn og vörn

1. Þessi ákvörðun sé nefnd þóknun en ekki málsvarnarlaun
2. Fyrir þessari störf séu greiddar 25 til 40 þúsund krónur, sem dómari ákveður í samræmi við þá vinnu sem hann telur verjanda hafa innt af höndum
3. Sú viðmiðun sé höfð í huga að mæti verjandi vegna einfaldra játaðra brota, t.d. vegna eins brots, aksturs eftir sviptingu eða ölvunaraksturs, séu lægri fjárhæðir ákvarðaðar en sé um mikinn lestur málskjala að ræða fyrir þinghald séu hærri fjárhæðir ákvarðaðar. Þóknun getur þannig farið fram úr framangreindu hámarki, svo og ef verjandi þarf t.d. að mæta oftar en einu sinni vegna erfiðleika við að ná til ákærða.

III.

Ákvörðun þóknunar verjanda á rannsóknarstigi

1. Þóknun sé greidd samkvæmt réttmætri, sundurliðaðri og tíma-settri skýrslu um starf verjanda. Ef líkur eru á að yfirheyrsla hafi staðið í skemmri tíma en í tímaskýrslu greinir er dómara rétt að óska eftir því að fá lögregluskýrslu í hendur eða leita upplýsinga lögreglu um tímalengd. Ennfremur er dómara rétt að krefjast nánari skýringa á útlögðum kostnaði telji hann þess þörf.
2. Lágmarksþóknun sé 20.000 krónur fyrir að mæta við fyrir-

töku hjá lögreglu eða dómara. Standi fyrirtaka lengur en í þrjár klukkustundir greiðist hver byrjuð klukkustund fram yfir það með 6.500 krónum.

IV.

Ákvörðun þóknunar réttargæslumanns brotaþola á rannsóknarstigi og fyrir dómi

1. Þóknun sé greidd samkvæmt réttmætri, sundurliðaðri og tíma-settri skýrslu um starf réttargæslumanns. Ef líkur eru á að yfirheyrsla hafi staðið í skemmri tíma en í tímaskýrslu greinir er dómara rétt að óska eftir því að fá lögregluskýrslu í hendur eða leita upplýsinga lögreglu um tímalengd. Ennfremur er dómara rétt að krefjast nánari skýringa á útlögðum kostnaði telji hann þess þörf.
2. Lágmarksþóknun sé 20.000 krónur fyrir að mæta við fyrirtöku hjá lögreglu eða dómara. Standi fyrirtaka lengur en í þrjár klukkustundir greiðist hver byrjuð klukkustund fram yfir það með 6.500 krónum

V.

Þóknun vegna þess tíma sem fer í ferðalög og ferðakostnaður

1. Þegar verjandi eða réttargæslumaður, sbr. liði I - IV, þarf vegna starfa sinna að ferðast lengur en hálf klukkustund skal tekið tillit til þess við ákvörðun þóknunar og málsvarnarlauna.
2. Ennfremur skal, þegar þóknun er ákveðin á rannsóknarstigi, sbr. kafla III og IV, ákveðinn ferðakostnaður í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar (nú auglýsing nr. 4/1998 um akstursgjald ríkisstarfsmanna),

einnig að finna á vefsíðu fjármálaráðuneytisins [http://brunnur.stjr.is/interpreto /fjr/fjr.nsf /pages/ vinnureglur](http://brunnur.stjr.is/interpreto/fjr/fjr.nsf/pages/vinnureglur).

3. Nauðsynlegar flugferðir ber að greiða samkvæmt reikningi. Þá skulu einnig ákvarðaðir dagpeningar sé skilyrðum til greiðslu þeirra fullnægt (nú auglýsing nr. 5/1998), einnig að finna á vefsíðu fjármálaráðuneytisins.

VI.

Verði almennt breytingar á gjaldskrár lögmannna skulu þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í köflum I - IV sæta endurskoðun.

VII.

Greiðslur þóknana til vitna

1. Komi vitni fyrir dóm, sem þarf að fara um nokkuð langan veg til að gefa skýrslu, er rétt að dómari vekji athygli á rétti þess samkvæmt 62. gr. oml., þ.e. að fá greiddan kostnað vegna rækslu vitnaskyldu og þóknun vegna atvinnumissis sem máli skiptir.
2. Rétt er að vitnið fái kostnaðinn greiddan strax eftir skýrslugjöf liggja fyrir hver hann er. Rétt er að reyna að útbúa reikningseyðublöð sem dómari ritar á þá kostnaðarliði sem hann telur

vitnið eiga að fá greidda og staðfesti með undirritun sinni. Vitnið gæti síðan fengið kostnaðinn greiddan hjá gjaldkera dómstólsins.

VIII.

Greiðslur til lögreglumanna sem gefa vitnaskýrslur

Samkvæmt bréfi bréfi dómsmálaráðuneytisins ber lögreglustjóra-embættunum að greiða lögreglumönnum laun fyrir að mæta í dómi til að gefa skýrslu. Dómari ákvarðar því einungis greiðslur til lögreglumanna fyrir útlagðan kostnað s.s. ferðakostnað.

Leigupennar og pöntuð lögfræðiálit

hugleiðingar um störf lögmanna

1.

Verkefni lögmanna eru margvísleg og í raun eðlisólík mörg hver. Að morgni stendur lögmaður við hlið sýslumanns við útburð á fólki sem ekki hefur haft efni á að greiða húsaleigu, eftir hádegi er það hlutverk sama lögmansins að sækja fjárhagslega hagsmuni þess sem tapað hefur starfsgetu sinni vegna afleiðinga slyss fyrir dómstólum.

Það sjá allir að þessi störf eru mis göfug en hverju sem því líður byggir vestræn réttarhefð á því að til sé sérstök stétt lögmanna sjái um að búa mál borgaranna þannig út að dómstólar og framkvæmdavald geti tekið afstöðu til réttinda og skyldna á grundvelli þeirra reglna sem löggjafinn setur. Lögmaðurinn er því fyrst og fremst málsvari og hagsmunagæslumaður.

Starf lögmansins er þannig hluti af heild. Til þess að lögmaðurinn geti sinnt hlutverki sínu í þessari heild sem hagsmunagæslumaður eða málsvari þarf að vera hægt að ganga út frá nokkrum grundvallaratriðum:

Trúnaður. Skjólstaðingar verða að geta treyst því að lögmaður haldi trúnað um þau málefni sem leynt eiga að fara. Því þarf að tryggja að lögmaður verði ekki með nokkrum hætti þvingaður til að láta af hendi upplýsingar sem skjólstaðingur hans hefur trúað honum fyrir.

Sjálfstæði í störfum. Lögmenn þurfa að vera sjálfstæðir í sínum störfum. Skjólstaðingur á að geta gengið út frá því að lögmaðurinn láti ekki annað ráða við rækslu starfa sinna en hagsmuni skjólstaðings síns sem hann gætir með lögmætum úrræðum. Af þessum sökum er hvers konar íhlutun í störf lögmanna varhugaverð. Jafnframt má segja að fjárhagslegt sjálfstæði sé nauðsynlegt.



Jóhannes Karl Sveinsson, brl.

Fleiri þættir koma hér til greina en að mínu mati eru þessi tvö atriði þýðingarmest.

2.

En hvers vegna er nú verið að tala um jafn sjálfsagða hluti og þá sem að framan greinir? Ástæðan er sú að starf lögmansins felst í fleiru en að vera málsvari fyrir dómstólum og stjórnvöldum þar sem mál eru sótt og varin. Ýmsir (sérstaklega fyrirtæki og stofnanir) hafa sér lögmenn til halds og trausts til að rökstyðja eða álykta að réttarstaða þeirra sé með einhverjum tilteknum hætti í einstökum málum. Þessi álit eða rök eru þá jafnvel notuð í opinberri umræðu og birt undir nafni lögmansins.

. . . hvers konar íhlutun í störf lögmanna varhugaverð

Í þessum tilvikum kemur lögmaðurinn gjarnan ekki fram sem umboðsmaður eða málsvari samkvæmt áður nefndri skilgreiningu heldur gefur hann út sitt persónulega álit og leggur þar með sinn starfsheiður að veði. Enginn skrifar undir lögfræðilegar álitssgerðir „fyrir hönd“ einhvers (nema þegar Lagastofnun á í hlut) heldur er að einhverjum orsökum talinn akkur í því að viðkomandi lögmaður láti persónulega í té sína túlkun á réttarreglum.

Lögfræðilegar álitssgerðir eru yfirleitt skemmtileg verkefni og við þau gefst kostur á að beita lög-

... dæmi er um að lögmenn hafi ásakað hverjir aðra opinberlega um að láta frá sér „pöntuð“ álit. Þessi staða er slæm og dregur úr tiltrú á lögmansstéttinni almennt.

fræðilegri aðferðafræði án tillits til einhverra hagsmuna sem gæta þarf í hvað og hvað skiptið - eða hvað?

Ég tel að fátt hafi fellt gengi lögmannastéttarinnar meðal þjóðarinnar eins mikið og umræður um lögfræðiálit. Valinkunnir lögmenn láta frá sér fara opinberlega lögfræðiálit í þveröfugar áttir en reglan virðist sú að niðurstaðan er hagnafelld þeirra skjólstaðingi. Almenn- ingur áttar sig á að hér er ekki allt eins og það á að vera og dæmi er um að lögmenn hafi ásakað hverjir aðra opinberlega um að láta frá sér „pöntuð“ álit. Þessi staða er slæm og dregur úr tiltrú á lögmansstéttinni almennt.

Af þessum sökum tel ég þess virði að menn velti því fyrir sér hver vinnubrögðin eigi að vera við slík störf eða hvort lögmenn eigi yfir höfuð að gefa slíkt frá sér nema til einka afnota fyrir viðkomandi skjólstaðing.

3.

Það er (var að minnsta kosti) ekki kennt sérstaklega við Lagadeild Háskóla Íslands hvornig vinna skuli lögfræðilegar álitssgerðir. Afstaða akademíunnar kann að vera sú að óþarft sé að fjalla um slíka hluti, lögfræðileg álitssgerð sé ein-

faldlega eins og svar við próf-spurningu. Lögmaðurinn leggi sig allan fram um að svara eftir bestu vitund og viðurkenndri aðferða-fræði hvernig líkleg niðurstaða dómstóls yrði um ákveðið álitæfni.

Er málið þá ekki einfalt, ber lögmanninum ekki að nálgast viðfangsefni sitt eins og læknir sem greinir sjúkdóma og ráðleggur um lækningu þeirra? Fer ekki saman trúnaður við fræðin og skjólstæðinginn?

Svarið getur verið nei - vandamálið er að hagsmunir skjólstæðings lögmannsins (sjúklingsins) kunna að vera aðrir en þeir að fræðilega rétt niðurstaða líti dagsins ljós. Vandamálið er einnig að lögmaðurinn vill (og á) af ýmsum ástæðum gera allt fyrir sinn skjólstæðing innan ramma laganna.

Hér er því faglegt og siðferðilegt vandamál á ferðinni þar sem margs konar röksemdir koma til álita. Grundvallaratriðin eru þó þessi: Lögmanninum ber að sjálfsgöðu að gæta hagsmuna síns skjólstæðing en honum ber einnig að vera sjálfstæður í sínum störfum - ekki of háður sínum skjólstæðingi.

4.

En hver er þá niðurstaðan af þessum vangaveltum. Áður en ég kem með mína niðurstöðu vil hafa þá

fyrirvara á að þessi ritsmíð er ekki annað og meira en skoðun eins manns án sérstakrar úttektar á lagareglum eða könnunar á efni álitsergerða lögmanns almennt. Henni er ekki beint gegn neinum

... lögmaðurinn á ekki að láta það líta svo út að hann hafi beitt hlutlægum aðferðum við úttekt á réttarreglum þegar eitthvað annað hefur ráðið ferðinni.

sérstökum lögmanni og ber ekki að túlka á þann hátt að höfundur telji sig óspjallaðan í þessum efnunum.

En skoðun mín er sem sé að lögmaðurinn á ekki að láta það líta svo út að hann hafi beitt hlutlægum aðferðum við úttekt á réttarreglum þegar eitthvað annað hefur ráðið ferðinni.

Rökin fyrir því eru fyrst og fremst sjálfstæði lögmannsins, trúnaður hans gagnvart fagi sínu, heildarhagsmunir almennings og lögmannstéttarinnar. Þessi atriði tel ég fyrir borð borin ef ekki er hægt að treysta því að það, sem lög-

Styrkja þarf stöðu lögmannna þannig að staða þeirra í heildinni verði sú sem vera ber.

maður tjáir sig um undir eigin nafni (án þess að geta skjólstæðings síns eða í tengslum við rekstur máls), um lögfræðileg atriði sé í raun sú skoðun sem hann álitur „lögfræðilega rétta niðurstöðu“.

Áhugavert væri að heyra eða sjá álit annarra lögmanns á þessu álitæfni. Ég tel það brýnt að menn skoði þetta mál. Sjálfstæði dómstóla hefur verið eftt, framkvæmdavaldið hefur verið látið sæta strangari reglum hin síðari ár og sköpuð betri starfsaðstaða. Styrkja þarf stöðu lögmanns þannig að staða þeirra í heildinni verði sú sem vera ber. Það er ekki ásætlanlegt fyrir heila stétt að sitja undir þeim dómi að vera álitin stétt leigupenna sem eigi enga staðfestu og hafi ekki meiri metnað í starfi en fjárhæð næsta reiknings.

Groa@leiti.is

Flóttamannabúðir.

Sæl. Ég átti nýlega leið um Skólavörðustíginn og sá þá á skilti þar að endurskoðendurnir sem voru á hæðinni fyrir neðan Baldur Guðlaugs eru farnir. Hvað helduru? Þeir sem stóðu að stofnun flóttamannabúðanna á Suðurlandsbrautinni eru búnir að koma nýjum búðum á laggirnar þarna! Er það nú ekki dálítið í lagt að flýja úr flóttamannabúðum??

Síasta.

Blessuð og sæl. Ég skrapp þarna um daginn á vörkynninguna hjá Félagsdeildinni. Veistu ég held að það sé farið að hafa dálítið neikvæð áhrif á lögmenn allar þessar vetrarferðir til heitu landanna, æ þú veist golfturnarnir og það. Það mætti varla kjaftur á kynninguna, enda hún haldin á miðjum sístutíma.

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands var haldinn föstudaginn 17. mars s.l. Fundarstjóri var kosinn Pétur Guðmundarson hrl. og fundarritari Þórður Bogason hdl. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Skýrsla stjórnar

Formaður félagsins, Jakob R. Möller hrl., flutti skýrslu stjórnar og vísaði m.a. í prentaða ársskýrslu, sem send var félagsmönnum fyrir fundinn. Formaðurinn gerði að umtalsefni sjálfstæði lögmannastéttarinnar, sem hann sagði hafa verið eitt af megin viðfangsefnum stjórnarinnar á starfsárinu. Ennfremur endurskoðun siðareglna (Codex Ethicus) LMFÍ með hliðsjón af reglum CCBE og til að mæta kröfum tímans. Lagði Jakob áherslu á að siðareglur ættu að vera í sífelldri endurskoðun og að skynsamlegt gæti verið að skipa að hoc siðareglunefnd sem hefði það hlutverk að fylgjast með þróun og gera eftir atvikum tillögur að breytingum.

Formaðurinn gerði að umtalsefni fjárhag Lögmannafélagsins og benti á að við upphaf síðasta rekstrarárs hefði verið rennt blint í sjóinn með kostnað af Úrskurðarnefnd lögmannna. Sá kostnaður hefði síðan reynst miklu mun meiri en áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir. Auk þess hefði meiri kostnaður verið af starfsmannahaldi á síðasta ári vegna mannaþreitinga. Niðurstaðan væri tap á rekstri félagsins og því gerði stjórn félagsins tillögu um hækkun félagsgjalds í lögboðnu deildinni. Á móti kæmi hins vegar að árgjald til félagsdeildar lækkaði, enda hefði fjárhagur hennar verið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir, m.a. vegna minni starfsmannskostnaðar, auk þess



*Ingimar
Ingimarsson,
framkv.stjóri.*

sem áætlanir gerðu ráð fyrir að deildin aflaði sér rekstrarfjár með öðru en árgjöldum. Jakob vék því næst að störfum laganeftdar og benti á að nefndin væri að vissu leyti fulltrúi Lögmannafélagsins gagnvart löggjafanum og ynni sem slík gríðarlega þýðingarmikið starf í þágu félagsins, en ekki síður lög-gjafarstarfs. Pakkaði Jakob, Andra Árnasyni hrl., fráfarandi formanni laganeftdar, vel unnin störf í nefndinni og benti á að Lögmannafélag Íslands og raunar einnig Alþingi, stæði í mikilli þakkaraskuld við Andra. Einnig þakkaði formaðurinn Marteini Mássyni, hdl., sem lét af störfum sem framkvæmdastjóri félagsins í lok síðasta árs, fyrir frábært starf í þágu félagsins í þau rúm níu ár sem hann starfaði hjá því. Einnig þakkaði Jakob nýjum framkvæmdastjóra, Ingimari Ingasyni, lögfræðingi, Jónu Kristinsdóttur, nýjum starfsmanni félagsdeildar og Hildi Pálmadóttur, starfsmanni skrifstofunnar, fyrir samstarfið og óskaði þeim velfarnaðar

Varðandi framtíð lögmannastéttarinnar, þá vísaði Jakob til orða Árna Vilhjálmssonar hrl., um að verkefni eða vandi fælu ýmist í sér tækifæri eða ógnun. Listin væri að gera þar greinarmun á og breyta ógnunum í tækifæri. Lögmannastéttarinnar biðu bæði tækifæri og ógnanir. Með vaxandi þroska viðskiptalífsins væru mikil verkefni á

boðstólum fyrir lögmennt. Í þeim fælust tækifærin. Ógnunin væri hins vegar sú að margir aðrir vildu sinna verkefnum, sem lögmennt væru sérhæfdir til að vinna. Með markvissu starfi, endurmenntun og árvefni gætu lögmennt breytt ógnuninni í tækifæri. Slíkt krefðist markaðsvinnu, sem byggðist á tryggum gæðum lögmannsvinnunnar. Benti Jakob á að víða í öðrum löndum væri skylda til endurmenntunar að viðlögðum réttindamissi. Vildi hann ekki leggja slíkt til, en áréttaði hins vegar að á lögmenntum hvíldi skylda til þess að halda við menntun sinni, þjálfun og starfsreynslu.

Formaðurinn kom í ræðu sinni inn á þátt kvenna í lögmannastéttinni. Benti hann á að í skýrslu stjórnar kæmi fram, að af 529 félagsmönnum væru 80 konur. Konur í lögmannastétt væru að langmestu leyti launþegar, annaðhvort sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmannna eða fyrirtækja, samtaka og stofnana. Í þessu fælist bæði tækifæri og ógnanir. Tækifærið væri að efla stéttina með því að konur í lögmannastétt öxluðu sinn skerf í störfum sjálfstæðra lögmannna og næðu sama hlutfalli og nú er í heildarfjölda lögfræðinga. Ógnunin fælist hins vegar í því að slíkt yrði ekki og lögmannastéttin missti af hæfileikaríku fólki, sem bæta myndi hæfni stéttarinnar.

Einnig benti fráfarandi formaður á að það væri honum nokkurt áhyggjuefni að vegna þess hve störf formanns Lögmannafélagsins væru tímafrek, ættu ekki aðrir en þeir sem kæmu af tiltölulega stórum stofum, kost á að gefa sér tíma til að sinna þeim. Á því væri engin auðveld lausn, en um væri að ræða mál sem félagsmenn ættu að hyggja að, ella væri hætt á því að for-

ystumenn félagsins verði of einsleitur hópur.

Að lokum benti Jakob á að mikilsverðasta verkefni stjórnar félagsins væri að standa vörð um sjálfstaði lögmannastéttarinnar. Slíkt hefði verið meginverkefni fráfaraandi stjórnar og undirstaðan því fyrir hendi. Hins vegar yrði sá björn seint endanlega unninn. Þakkaði fráfaraandi formaður því næst félagsmönnum fyrir samstarfið og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í starfi sínu.

Ársreikningar

Framkvæmdastjóri félagsins gerði grein fyrir ársreikningum félagsins fyrir árið 1999, en reikningarnir fylgdu prentaðri ársskýrslu stjórnarinnar. Fram kom í máli framkvæmdastjórans að þrátt fyrir auknar tekjur af árgjöldum hafi töluverður halli verið á rekstri félagsins og gerði hann grein fyrir helstu skýringum hans. Þannig hækkuðu laun og launatengd gjöld milli ára, sem af stærstum hluta helgaðist af ráðningu nýs framkvæmdastjóra, sem starfaði með fráfaraandi framkvæmdastjóra síðari hluta ársins 1999. Kostnaður af rekstri fasteignar félagsins hækkaði einnig milli ára, auk þess sem kostnaður af rekstri sumarhúsa félagsins umfram tekjur, var umtalsverður. Þá hafi nýr fyrirferðarmikill útgjaldaliður komið inn í rekstur félagsins á síðasta ári, sem væri ein helsta ástæðan fyrir tapi á rekstri félagsins á árinu. Um væri að ræða Úrskurðarnefnd lögmanna, en í fjárhagsáætlun fyrir árið 1999 hefði verið gert ráð fyrir að kostnaður af rekstri nefndarinnar næmi 500 þúsund krónum. Reyndin hefði hins vegar orðið sú að kostnaður nam rúmum 2,1 milljónum króna á rekstrarárinu. Framkvæmdastjóri vakti einnig athygli á því að útistandandi reikningar og félagsgjöld hefðu verið umtalsvert hærri um síðustu áramót en á sama tíma árið á undan og ljóst að nauðsynlegt væri að grípa til sérstakra ráðstafana á næstunni til að fá þessa eignaliði inn sem raunverulegar

tekjur. Loks gerði framkvæmdastjóri grein fyrir stöðu Námsgjóðs og uppgjöri á Ábyrgðarsjóði lögmanna, sem formlega var lagður niður um síðustu áramót. Í umræðum um ársreikninga félagsins sté Björn L. Bergsson hrl., í ræðustól og óskaði eftir nánari útlitun á kostnaði vegna starfa Úrskurðarnefndar lögmanna og hvort starfsmanni hennar, sem er félagsmaður í Lögmannafélagi Íslands, væru greidd laun. Jafnframt spurði Björn hvort og þá hvernig úrskurðir nefndarinnar væru birtir. Jakob R. Möller formaður svaraði fyrirspurninni og greindi frá þóknun sem greidd væri fyrir setu í nefndinni. Miðað væri við 10 tíma vinnu hvers nefndarmanns á mánuði og fyrir það fengi hann greiddar 30 þúsund krónur eða sem svaraði 3 þúsund krónum á tímann. Þá fengi Marteinn Másson hdl., ritari nefndarinnar, sem starfandi lögmáður, hóflegt endurgjald fyrir sína vinnu. Formaður kvaðst samála Birni Bergssyni um nauðsyn þess að birta úrskurði nefndarinnar og yrði það gert á heimasíðu félagsins en endurbætur á henni væru í vinnslu. Fleiri tóku ekki til máls og voru reikningar félagsins fyrir árið 1999 bornir undir atkvæði fundarmanna og samþykktir samhljóða. Einnig var tillaga formanns um að ávöxtun sjóða félagsins yrði falin stjórn félagsins, samþykkt samhljóða.

Tillaga um hækkun árgjalds

Jakob R. Möller formaður gerði grein fyrir tillögu stjórnar félagsins um hækkun árgjalds til félagsins úr 25 þúsund krónum í 34 þúsund krónum, fyrir árið 2000. Lagði hann áherslu á að hækkunin væri fyrst og fremst vegna starfa Úrskurðarnefndar lögmanna. Lögmenn hefðu gert það að meginkröfu sinni við lögfestingu nýrra lögmannaálaganna að agavald yfir stéttinni væri innan félagsins. Sú krafa hefði fengist í gegn, en félagsmenn þyrftu að standa undir kostnaði við rekstur nefndarinnar. Tillagan var

borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Kjör heiðursfélaga

Fundarstjóri vék frá dagskrá fundarins og gaf formanni félagsins orðið til að lýsa kjöri heiðursfélaga Lögmannafélags Íslands. Lýsti Jakob reglum um kjör heiðursfélaga, sem settar voru af stjórn félagsins 9. september 1999 og greindi frá því að á stjórnarfundi 15. febrúar 2000 hefði tillaga um að kjósa Guðmund Ingva Sigurðsson hrl., heiðursfélagi Lögmannafélags Íslands, verið samþykkt. Í samræmi við reglur félagsins lýsti formaður kjörinu á aðalfundi og óskaði staðfestingar fundarins á því. Gerði formaður grein fyrir ástæðum kjörsins og fór yfir helstu störf Guðmundar Ingva Sigurðssonar í þágu félagsins. Kom fram í máli Jakobs að Guðmundur Ingvi hefði m.a. gengt formennsku í félaginu 1970-1971, auk fjölda annarra trúnaðarstarfa, verið einn af mátarstólpum félagsins og sómi sinnar stéttar í hart nær 40 ár. Kjör Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., var staðfest með lófataki og risu fundarmenn úr sætum honum til heiðurs. Afhenti formaður Guðmundi Ingva skjal til staðfestingar kjörinu. Því næst ávarpaði Guðmundur Ingvi fundinn og þakkaði þann heiður sem honum hefði verið sýndur, sem hann kvað vera sér mikils virði.

Kosningar

Þar sem Jakob R. Möller hrl., gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður félagsins, gerði stjórn félagsins tillögu um Ásgeir Thoroddsen hrl., í stöðu formanns í hans stað og hlaut Ásgeir kosningu mótatkvæðalaust. Ásgeir þakkaði fundarmönnum stuðninginn og notaði tækifærið til að þakka fráfaraandi stjórnarmönnum samstarfið. Þakkaði Ásgeir, Sif Konráðsdóttur hdl., fyrir frábær störf í þágu félagsins, sérstaklega á sviði útgáfu og fræðslumála og fráfaraandi formanni félagsins, Jakobi R. Möller hrl., fyrir óeigingjörn störf í þágu félagsmanna á umbrotatímum,

meðal annars vegna lögfestingu nýrra laga um lögmenn. Auk Ásgeirs voru kjörnir í aðalstjórn til næstu tveggja ára, þeir Helgi Birgisson hrl. og Ársæll Hafsteinsson hdl. Auk þeirra sitja áfram í stjórn félagsins þau Gunnar Jónsson hrl. og Vallborg Þ. Snævarr hdl. Í þriggja manna varastjórn voru kjörin þau Ásbjörn Jónsson hdl., Jóhannes Karl Sveinsson hdl. og Steinunn Guðbjartsdóttir hdl. Gústaf Þór Tryggvason hrl. og Othar Örn Petersen hrl. voru kjörnir endurskoðendur, en Jón Sigfús Sigurjónsson hdl., til vara. Í Laganefnd voru kjörin þau Sif Konráðsdóttir hdl., Erlendur Gíslason hrl., Jakob R. Möller hrl., Ólafur Haraldsson hdl. og Ragnar H. Hall hrl. Í Úrskurðarnefnd lögmanna var Jóhannes Sigurðsson hrl., kjörinn fulltrúi LMFÍ til setu til fimm ára frá síðustu áramótum og Kristinn Bjarnason hrl., til vara. Einnig var Bjarni Þór Óskarsson hrl., kjörinn fulltrúi félagsins til setu í nefndinni til fimm ára frá næstu áramótum og Kristín Briem hrl., til vara.

Tillaga um nýjar siðareglur (Coxex Ethicus) LMFÍ.

Að loknu stjórnar- og nefndakjöri gerði Hákon Árnason hrl.

grein fyrir fyrirbyggjandi frumvarpi að nýjum siðareglum (Codex Ethicus) fyrir Lögmannafélag Íslands. Rakti hann í stuttu máli þær ástæður sem knúð hefðu á endurskoðun siðareglna félagsins, sem fyrst og fremst mætti rekja til þeirra þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa á síðustu árum og áhrifa siðareglna CCBE. Vísaði Hákon til þess að fyrirbyggjandi tillaga væri í öllum meginatriðum samhljóða því frumvarpi sem kynnt var og rætt á almennum félagsfundi Lögmannafélagsins 17. febrúar 2000, en þó hefði verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem komið hefðu fram á kynningarfundinum. Voru nýjar siðareglur fyrir Lögmannafélag Íslands síðan bornar undir atkvæði fundarins og samþykktar samhljóða.

Enginn kvaddi sér hljóðs undir dagskrárlíðnum önnur mál og var aðalfundi því slitið.

Aðalfundur félagsdeildar Lögmannafélags Íslands.

Í framhaldi af aðalfundi Lögmannafélagsins var haldinn aðalfundur félagsdeildar LMFÍ, samkvæmt auglýstri dagskrá. Fundarstjóri var Pétur Guðmundarson hrl. og Þórður Bogason hdl., fund-

arritari Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins. Vísað var til skýrslu stjórnar og umfjöllunar um ársreikninga félagsins, en þeir dagskráliðir hefðu verið samþykktir samhlíða afgreiðslu sömu dagskrárlíða skyldubundna hluta félagsins á aðalfundi félagsins. Á fundinum var borin upp tillaga stjórnar um lækun árgjalds úr 12 þúsund krónum í 8 þúsund krónur, fyrir árið 2000 og var tillagan samþykkt samhljóða. Jóna K. Kristinsdóttir, starfsmaður félagsdeildar kynnti því næst þau verkefni sem unnið er að í félagsdeildinni og upplýsti að nú þegar væri mjög mikilvægum áfanga náð með gerð bestu-kjarasamninga við ýmsa birgja og söluaðila þjónustu, sem hefði í för með sér umtalsverðan sparnað í rekstri lögmennsstofa. Einnig kynnti Jóna þau markmið sem sett hafa verið fyrir komandi starfsár og fjallaði um mikilvægi þess að lögmenn tækju virkan þátt í starfi félagsdeildar. Sýndu fundarmenn þessari kynningu mikinn áhuga, enda fyrirséð að félagsdeildin kemur til með að sinna mörgum brýnum hagsmunamálum lögmanna.

Hækkun árgjalds til Lögmannafélags Íslands

Í umfjöllun um aðalfund félagsins, sem finna má annars staðar í blaðinu, er vikið að ástæðu hækkunar árgjalda til félagsins úr 25 þúsund krónum í 34 þúsund krónur, fyrir árið 2000. Þar sem um er að ræða nokkuð mikla hækkun, þykir rétt að gera aðeins nánari grein fyrir tilefni hennar. Ástæðu hækkunarinnar má rekja til þess að við endurskoðun lögmanna laganna, lagði Lögmannafélagið höfuðáherslu á að aga- og eftirlitsvald með félagsmönnum héldist hjá

félaginu en færðist ekki til stjórnvalda, svo sem hugmyndir voru uppi um. Með þessu vildi félagið tryggja sjálfstæði sitt gagnvart stjórnvöldum. Félagið hafði sitt fram í öllum meginatriðum með ákvæðum um skipan sérstakrar úrskurðarnefndar. Félaginu var hins vegar gert að bera sjálft kostnað af störfum úrskurðarnefndarinnar. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir síðasta rekstrarár, þ.e. árið 1999, lágu ekki fyrir forsendur til þess að áætla þann kostnað. Nú liggur hins vegar

fyrir, að kostnaður af störfum nefndarinnar verður vart minni en 3 milljónir króna á ári. Kostnaður við rekstur úrskurðarnefndarinnar er hreinn útgjaldaauki, sem ekki verður mætt nema með öflun nýrra tekna. Þá liggur fyrir að mæta þarf taprekstri síðasta árs, sem einkum má rekja til umtalsverðs útgjaldaauka vegna reksturs nefndarinnar. Möguleikar félagsins til tekjuöflunar eru hins vegar mjög takmarkaðir og því var ákveðið að leggja til hækkun árgjalds.

Ingimar Ingason, framkv.stj.

Gæsluvarðhald í þágu almannahagsmuna

Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum. Þessar tvær reglur eru meðal hornsteina þess réttarríkis sem við búum í og birtast þær meðal annars í 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem var lögfestur hér á landi með lögum nr. 62/1994.

Hér er ætlunin að fjalla í stuttu máli um gæsluvarðhald sem sakborningum er gert að sæta á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála (oml). Í 103. gr. oml. eru talin upp þau skilyrði sem verða að vera fyrir hendi til að úrskurða megí menn í gæsluvarðhald. Í 1. mgr. segir að rökstuddur grunur verði að vera fyrir hendi um að maður hafi framið verknað sem fangelsisrefsing er lögð við. Auk þess verði að vera fyrir hendi eitthvert þeirra skilyrða sem talin eru upp í a-d liðum greinarinnar, en þau skilyrði vísa til rannsóknarhagsmuna, mögulegs flóttta sakbornings, möguleika á áframhaldandi brotastarfsemi og verndunar annarra fyrir árásum sakbornings.

Reglur oml. um gæsluvarðhald vegna almannahagsmuna

Í 2. mgr. 103. oml., sem hér er aðallega til umfjöllunar, er heimilaður annar grundvöllur gæsluvarðhalds og er hann í raun eðlisólíkur þeim er greinir í 1. mgr. Í 2. mgr. segir orðrétt :

„Einnig má úrskurða mann í gæsluvarðhald þótt skilyrði skv. a—d liðum 1. mgr. sé ekki fyrir hendi ef sterkur grunur er um að



Einar Baldvin Árnason, lögfræðingur

hann hafi framið afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi, enda sé brotið þess eðlis að ætla megí varðhald nauðsynlegt með

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn 5. gr. sáttmálans m.a. vegna þess að kærandi hafði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald með vísan til alvarleika brotsins, án þess að nokkuð lægi fyrir um að lausn kæranda myndi leiða til óróa í þjóðfélaginu.

tilliti til almannahagsmuna.“

Hér þurfa nokkur skilyrði að vera uppfyllt. Í fyrsta lagi er þessari heimild ekki beitt nema þau atvik er greinir í a-d liðum 1. mgr eigi ekki við. Í öðru lagi þarf að vera fyrir hendi sterkur grunur um afbrot, en skv. 1. mgr. þarf einungis rökstuddur grunur að vera fyrir hendi. Í þriðja lagi þarf brot það er sakborningur er grunaður um að hafa framið að varða a.m.k. 10 ára fangelsi og er þá átt við refsiram-

mann, en ekki hve langan dóm hann muni líklega hljóta. Í fjórða lagi þarf brotið að vera þess eðlis að ætla megí varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

Ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu um heimild til gæsluvarðhalds

Í 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið hér á landi, kemur fram sú meginregla í 1. mgr. að menn skuli ekki sviptir frelsi nema í nánar tilgreindum tilvikum og þá í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum.

Fjallað er um gæslu manns sem ekki hefur verið dæmdur sekur í c-lið 1. mgr 5. gr. og í 3. mgr. 5. gr. sáttmálans. Í c-liðnum eru tilgreind tilvik er réttlætt getur slíka gæslu, þ.e.: „lögleg handtaka eða gæsla manns sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu“. Í 3. mgr. 5. gr. sáttmálans segir síðan að sakborning skuli án tafar færa fyrir dómara eða annan embættismann sem að lögum hefur heimild til að fara með dómsvald, „og skal hann eiga kröfu til að mál hans verði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma eða hann verði látinn laus þar til dómsmeðferð hefst“.

Þannig veitir mannréttindasáttmáli Evrópu, sem lögtekinn hefur verið á Íslandi eins og áður greinir, ekki beina heimild til gæsluvarðhalds áður en dómsmeðferð hefst, á grundvelli sjónarmiða er greinir í 2. mgr. 103. gr. oml. og lúta að almannahagsmunum.

Letellier-málið

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur þó talið, sbr. niðurstöðu í s.k. *Letellier-máli* (nr. 29/1990/220/282), að einstök brot geti verið svo alvarleg og viðbrögð í þjóðfélaginu svo harkaleg að réttlætangelg sé, vegna hættu á óróa í þjóðfélaginu, að halda mönnum í gæslu fyrir dómsmeðferð, a.m.k. um tíma. Slíkt verði þó eingöngu gert í algerum undantekningartilfellum (e. exceptional circumstances).

Segir einnig í þessum dómi Mannréttindadómstóls Evrópu, að *eingöngu sé heimilt að byggja á þessum sjónarmiðum ef þau eru reist á staðreyndum sem sýnt geta fram á að lausn kærða muni í raun og veru valda óróa í þjóðfélaginu* (e. disturb public order). Þá megi alls ekki beita þessu sjónarmiði með vísan til yfirvofandi fangelsisvistar. Þessum skilyrðum þótti ekki fullnægt í málinu, þar sem kona (Mrs. Merdy, áður Letellier) lá undir sterkum grun um að hafa ráðið menn til að bana eiginmanni sínum.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn 5. gr. sáttmálans m.a. vegna þess að kærandi hafði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald með vísan til alvarleika brotsins, án þess að nokkuð lægi fyrir um að lausn kæranda myndi leiða til óróa í þjóðfélaginu. Gagnrýndi dómstóllinn framkvæmd frönsku dómstólanna og lagði ríka áherslu á að slíkar frelsisviptingar væru rökstuddar með skýrum og nákvæmum hætti, en alls ekki með því staðlaða orðalagi sem franskir dómstóllinn hafði notað í úrskurðum sínum.

Úrlausnir íslenskra dómstóla

Við athugun á því, hvernig íslenskir dómstólar hafa beitt 2. mgr. 103. gr. oml. virðist sem að þeir hafi ekki farið eftir þessu fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu.

Á undanförunum mánuðum hafa

komið upp umfangsmikil fikni-efnamál hér á landi og hafa margir einstaklingar verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald á grundvelli áður-

Við athugun á því, hvernig íslenskir dómstólar hafa beitt 2. mgr. 103. gr. oml. virðist sem að þeir hafi ekki farið eftir þessu fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu.

nefndrar heimildar. Með dómi Hæstaréttar frá 17. nóvember 1999 í máli Lögreglustjórans í Reykjavík gegn X (mál nr. 452/1999) var X gert að sæta gæsluvarðhalds á grundvelli 2. mgr. 103. gr. oml, og var niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. s.m. hnekk. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir svo :

Ekki verður heldur talið að dómurinn hafi uppfyllt þær kröfur sem mannréttindadómstóllinn hefur gert um að slíkir dómar séu rökstuddir með skýrum og nákvæmum hætti . . .

„Samkvæmt framansögðu er fyrir hendi *rökstuddur grunur* um að varnaraðili hafi brotið gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974, sem varðað getur hann allt að tíu ára fangelsi. *Brotið er þess eðlis* að telja verður gæsluvarðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Verður varnaraðila því gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.“

Ekki fæst betur séð en að grundvöllur niðurstöðunnar sé eingöngu sá að brotið sé alvarlegs eðlis. Ekki var byggt á neinum staðreyndum um að lausn X myndi í raun vekja viðbrögð eða valda óróa í þjóðfé-

laginu, enda gerði sóknaraðili ekki neinn reka að því að sýna fram á möguleg áhrif lausnar X.


Niðurstaða Hæstaréttar er sérstaklega athyglisverð í ljósi þess að X hafði verið látinn laus eftir að héraðsdómur hafði hafnað kröfu lögreglunnar um áframhaldandi gæsluvarðhald og fyrir lá að einu mælanlegu viðbrögðin í þjóðfélaginu höfðu verið órstuttar fréttir um niðurstöðuna í fjölmiðlum landsins. Það var því langur vegur frá því að einhver órói hafi myndast í þjóðfélaginu. Þetta styrkir þá skoðun að dómurinn hafi byggt niðurstöðu sína að langmestu leyti á alvarleika brotsins. Ekki verður heldur talið að dómurinn hafi uppfyllt þær kröfur sem mannréttindadómstóllinn hefur gert um að slíkir dómar séu rökstuddir með skýrum og nákvæmum hætti, en ekki með almennu stöðluðu orðalagi. Þá er einnig athyglisvert að byggt er á því að rökstuddur grunur sé fyrir hendi, en til að gæsluvarðhald sé réttlætangelg á grundvelli greinarnar þarf sterkur grunur að liggja fyrir.

Er breytinga þörf?

Það liggur fyrir að Mannréttindadómstóllinn hefur sett fram á skýran hátt þau skilyrði sem verða að vera fyrir hendi til að úrskurða megi menn í gæsluvarðhald á grundvelli þessara almannahagsmuna, sem 2. mgr. 103. gr. oml. vísar til. Eftir þennan dóm mannréttindadómstólsins í Letellier-málinu breyttu Danir sinni framkvæmd í samræmi við niðurstöðu dómsins, en þeir höfðu svipaða heimild í sínum lögum og er í 2. mgr. 103. gr. oml. Íslenskir dómstólar hafa á hinn bóginn ekki fylgt þessu fordæmi til hlítar. Það virðist sem að kröfur þær, sem dómstólar geri til lögregluvalda um sönnun þess að varðhald sé nauðsynlegt m.t.t. almannahagsmuna, séu í algjöru lágmarki. Virðist sem að nægilegt sé að vísa amennt til alvarleika brotsins. Þá virðist sem að dómstólar geri sjaldnast ráð fyrir því að þessir almannahagsmunir kunni að

Gjörnýttu rýmið!

Samtímis því að tölvukerfin verða fullkomnari og kröfur um skilvirkan flutning stafræna gagna fara vaxandi er umfang hefðbundinna gagna enn til staðar og eykst ef eitthvað er.



Þú nærð 82% betri nýtingu með FLEXImobile hjólaskápunum.

Til að koma til móts við kröfur tímans um fyrirvaralaust aðgengi að skjölum og pappírsgögnum ýmiskonar hefur Constructor Group þróað Fleximobile hjólaskápana sem gjörnýta rýmið og veita möguleika á vel skipulögðu flokkunarkerfi. Með FLEXImobile skápunum getur þú útvíkkað hið minnsta pláss margfallega og komið skipulagi á skjala- og gagna-geymsluna.



DINOLUS RF-008 (02)



Háteigsvegi 7
Reykjavík
Sími 511 1100
rymi@rymi.is

Rými ehf. er nýtt dótturfyrirtæki HF. Ofnasmiðjunnar

PANTAÐU
fría úttekt
á þínu skjalarými
sími 511 1100



Með FLEXImobile hjólaskápunum er hver fermeter nýttur og aðgengi að gögnum er eins og best verður á kosið.

Office Economy skáparnar eru sterkir skápar sem standast fyllilega kröfur um gæði og endingu. Útlit þeirra er einfalt og verðið einstakt. Skúffurnar eru að fullu útdraganlegar, þannig getur þú verið viss um að ná hámarksnýtingu á Office Economy skápunum.

Pantaðu „Skjalarými“ frá Rými, nýjan bækling sem kynnir fjölbreyttar útfærslur við geymslu gagna.



verða minni því lengra sem líður frá brotinu.

Þegar metið er hvort varðhald sé nauðsynlegt m.t.t. almannahagsmuna verður að hafa í huga að heimildin í 2. mgr. 103. gr. takmarkast af öðrum reglum og hagsmunum. Grundvallarreglurnar um að hver maður eigi rétt til frelsis og mannhelgi og að hver maður skuli talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð þrængja mjög að umfangi heimildarinnar. Það er einnig mikilvægt að minnst þess að málsmeðferð gæsluvarðhaldsmála fyrir dómi er einföld og nýtur hið opinbera þar yfirburðastöðu. Þá hefur Mannréttindadómstóll Evr-

— — — — —
Það er a.m.k. full ástæða til að staldra við og skoða vandlega hvort lögreglu-yfirvöld sem og dómstólar hafi gengið lengra en góðu hófi gegnir.
— — — — —

ópu í dómum sínum lagt áherslu á, að það sé sakborningi mikilvægt að fá tækifæri til að gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi sitt líf og fjölskyldu áður en afplánum refsingar hefst og að þessir hagsmunir séu oft mikilvægari en þeir oft og tíðum óljó-

su almannahagsmunir sem áður var fjallað um.

Í ljósi þess fjölda gæsluvarðhaldsúrskurða og dóma er hafa gengið hér á landi á grundvelli 2. mgr. 103. gr. oml., má velta þeirri spurningu upp hvort þessi heimild sé ekki ofnotuð og jafnvel misnotuð. Það er a.m.k. full ástæða til að staldra við og skoða vandlega hvort lögreglu-yfirvöld sem og dómstólar hafi gengið lengra en góðu hófi gegnir. Þá benda dómur mannréttindadómstólsins til þess að ástæða kunni að vera til að endurskoða ákvæði 2. mgr. 103. gr. oml. og taka af öll tvímæli um að um algjöra undantekningarheimild sé að ræða.

Af Merði lögmanni

Virðing fyrir sjálfum sér og starfi sínu leitaði á huga Marðar nýverið. Ekki það að Mördur sé svo upptekinn af eigin ágæti eða telji sig yfirmáta snobbaðan. Enda ekki meðal þeirra sem boðið er í finu ráðherra- og sendiráðshastélsboðin. Þó honum hafi þótt það pínulítið súrt í broti öðrum þræði þá er það þó viss léttir að þurfa ekki að vera mæltur um of á erlend tungumál auk þess sem Merði hefur alltaf gengið erfiðlega að ræða í löngu máli um veðrið eða þróunina á hlutabréfamarkaði eða hvað það nú er sem menn skeggræða í svoleiðis samkvæmum. Nei það sem olli þessum vangaveltum var fyrirtaka í héraðsdómi sem Mördur mætti í nýverið. Á móti Merði í málinu var lögmaður sem Mördur kunni lítil deili á, ungur maður sem Mördur hafði alveg misst af að kynna á þessum fundum hjá Lögmannafélaginu sem Mördur hafði mætt á. Mördur rámaði þó í að hafa séð nafn lögmannsins unga sem höfundar greinar um lögfræðileg málefni þar sem neðanmálsgreinar voru fleiri en vötn Finnlands. Þetta væri þá líklega einn af hinum ungu gáfuðu lögmonnum.

Á boðuðum tíma mætti Mördur og tillti sér inn í dómsal og var þar fyrstur mættur. Inn vatt sér skömmu síðar ungur maður. Mördur kastaði á hann kveðju um leið og léttur angistarhrollur hríslaðist niður hryggsúluna; Áttu aðilar málsins að mæta sjálfir? Skjólstæðingur Marðar var víðs-

fjarri og hvar var eiginlega lögmaður gagnaðilans? Angistin breyttist síðan í hreina forundran er dómurinn kom í salinn í sömu andrá og heilsaði kumpánlega: Þekkti dómurinn skjólstæðinginn hinum megin?? Mördur var umsvifalaust farinn að forma kröfu í huganum um að dómurinn ætti að víkja sæti vegna vanhæfis. Áður er Merði tækist þó að hiksta slíkri kröfu upp úr sér hófst réttarhaldið og upp rann fyrir Merði að þarna væri lögmaðurinn hinum megin mættur. Það sem hafði villt svo gersamlega um fyrir Merði voru Nankinsbuxurnar, pólóbolurinn, strigaskórnir og frjállega fasið. Var þetta nú orðinn víðeigandi klæðaburður í þinghöldum? Mátti orðið allt frá því að Héraðsdómur felldi úr þingreglum sínum kvöðina um háls-tau??

Einhvern veginn slampaðist Mördur í gegnum þinghaldið, utangátta og ringlaður. Þegar út var komið og Mördur skundaði upp Laugavegin ákvað hann með sjálfum sér að þeir mættu hafa það fyrir sig frjálshæði í klæðaburðinum þessir ungu menn, Mördur ætlaði sko ekki að fara að mæta á almannafæri í vinnunni sinni í jogginggalla, jakkaföt með vesti OG með háls-tau skyldi það vera. Þó hann væri kannski ekki einn af þessum stjörnulögmonnum sem væru sífellt í fjölmiðlum skyldi hann í það minnsta líta út fyrir að vera lögmaður!

Fréttir frá félagsdeild



Jóna K. Kristinsdóttir

„Bestukjarasamningar“

Á aðalfundi félagsins 17. mars s.l. kynnti félagsdeild LMFÍ bestukjarasamninga fyrir lögmenn. Þegar hefur verið skrifað undir 12 samninga um afslátt af vörum og þjónustu. Samið hefur verið við eftirfarandi fyrirtæki :

- *Europay Ísland hf.*, um fyrirtækjakort og einkakort, en hægt er að nota kortin sem félagsskírteini fyrir LMFÍ.
- *Flugfélag Íslands hf.*, um Flugkort og verulegan afslátt af innanlandsflugi og þjónustu samstarfsaðila Flugfélagsins. Kortið er frítt fyrsta árið.
- *Rými ehf.*, um afslátt af skjalaskápum og skjalakerfum. Lögmönnum gefst kostur á úttekt á skjalarymi, þeim að kostnaðarlausu. Afsláttur af skjalastjórnum-arnámskeiði sem haldið verður í maí.
- *EJS hf.*, um afslátt af Dell tölvum, íhlutum og þjónustu. Ókeypis aðstoð viðskiptafulltrúa sem aðstoðar við lausn vandamála.
- *Griffil ehf.*, um afslátt af ritföngum og ljósritunarpappír. Griffill býður lögmönnum ókeypis uppsetningu á vefverslun. Ráðgjafi fyrirtækisins heimsækir lögmenn, greinir ritfanganotkun og smíðar vefverslun eftir þörfum hvers og eins.
- *Gutenberg hf.*, um prentun og fjölrítun.
- *J. Ástvaldsson hf.*, um afslátt af öllum vöruflokkum s.s. pappírstæturum, bindivélum, tússtöflum o.fl.
- *Á. Guðmundsson ehf.*, um afslátt af skrifstofuhúsgögnum.
- *Rafíðnaðarskólann*, um afslátt af tölvunámskeiðum.
- *Rekstrarvörur hf.*, um afslátt af öllum vöruflokkum s.s. ræstinga- og pappírsvörum.
- *Pokkabót líkamsrækt*, um afslátt af þriggja mánaðakortum og árskortum.
- *World Class*, um afslátt af þriggja mánaðakortum, árskortum og sundkortum.

Fyrirhugað er að semja við fleiri fyrirtæki á næstu vikum og mánuðum og mun listinn lengjast þegar fram líða stundir. Afslátturinn fæst einungis gegn framvisun fyrirtækjakortins.

Í byrjun apríl sendi LMFÍ út umsóknir um framangreind kort til allra lögmanna. Í sama bréfi fylgdu upplýsingar um þann afslátt sem hvert og eitt fyrirtæki veitir. Í maí mun félagsdeilin senda öllum félögum deildarinnar möppu með ítarlegum upplýsingum um afsláttarkjörin, ásamt bæklingum um fyrirtækin og þá vöru og þjónustu sem í boði er.

Það er von félagsdeilar að lögmenn sjái hag sinn í viðskiptum við ofangreind fyrirtæki, en um verulegan afslátt er að ræða.

Félagsdeildin tók saman nokkra vöruliði og bar saman verð með og án afsláttarkjara. Í fyrri töflunni er gert ráð fyrir tveimur flugferðum innanlands og aðrar tölu- legar upplýsingar byggðar á rauntölum úr bókhaldi lögmanna til dæmis hvað ritföng, prentun og pappír- notkun varðar. Í síðari töflunni eru tekin dæmi um fjárfestingu lögmans á skrifstofuhúsgögnum og grunntölvubúnaði.

Samanburður - Einyrki

Dæmi pr. ár

Rekstrarvörur	Án afsl.	Með afsl.
Flug innanlands	25.000	19.500
Ritföng	121.800	95.004
Prentun	95.680	81.328
Tölvunámskeið	20.000	16.000
Endurmenntunarst. námsk.	20.000	18.000
Líkamsrækt árskort	38.000	25.000
Blekhylli og fl.	65.000	52.000
Fjölnotapappír	47.770	27.800
Ræstingavörur	22.000	18.700
Ljósritun/fjölrítun	39.000	33.150
	494.250	386.482

Mismunurinn er 107.768 eða 28%

Fjárfesting	Án afsl.	Með afsl.
DELL OPIPLEX GX1-tölva	205.457	171.538
HP LaserJet 2100 TN prentari	118.500	94.800
Skjalaskápur 3 skúffur	17.601	14.961
Skrifborð	95.525	80.241
Skilrúm	57.822	48.570
Hilluskápar	81.573	68.521
Pappírstætari	19.000	15.200
Tússtafla	25.000	20.000
	620.478	513.831

Mismunurinn er 106.647 eða 21%

Eins og sjá má á ofangreindum dæmum þá geta lögmenn sparað háar fjárhæðir ef afsláttarkjörin eru nýtt.

Heimasíða www.lmfi.is

Eins og áður hefur verið fjallað um er fyrirhuguð endurskoðun á heimasíðu Lögmannafélagsins. Rætt hefur verið við nokkra aðila sem sérhæfa sig í heimasíðugerð, um kostnað og vinnutilhögun. Stjórn LMFÍ ákvað á stjórnarfundi í apríl að setja nefnd í málið og mun nefndin koma með tillögur að markmiðum nýrrar heimasíðu, innihald hennar og greina hvaða hópum heimasíðan á að þjóna (þ.e. lögmönnum eingöngu, almennungi eða báðum hópunum). Verða tillögur nefndarinnar tilbúnar um miðjan maí og mun stjórn félagsins taka ákvörðun í framhaldi af því.

Bókasafn

Í Bókasafnsnefnd sitja: Erla S. Árnadóttir hrl., formaður, Jóhann Nielsón hrl. og Ólafur Axelsson hrl. Á

fundi nefndarinnar í mars s.l. og var ákveðið að fá hugmyndir frá Þjónustumiðstöð bókasafna um bætta vinnuástöðu á safninu. Ljóst er að uppfæra þarf tölvubúnað safnsins og tengja við internetið. Bókasafnið er mikið heimsótt af lögmönnum og ekki síður af laganemum, sem í vaxandi mæli hafa nýtt sér bóka-kost safnsins. Það heyrir æ oftar frá þeim lögmönnum sem nýta sér bókasafnið að staðaldri, að um sé að ræða einn best geymda fjársjóð félagsins, þar sem hægt er að vinna í ró og næði, án ónæðis síma og utanaðkomandi truflana.

Orlofsmál

Á félagsfundi LMFÍ þann 17. febrúar s.l. var samþykkt að selja sumarhús félagsins í Lögmannshlíð. Fyrirhugað er að láta meta húsið og bjóða til sölu á næstu vikum.

*Jóna Kristinsdóttir
10. apríl 2000*

Frá Aðalfundi LMFÍ



Jakob R. Möller hrl. afbendir nýkjörnum heiðursfélaga félagsins Guðmundi Ingva Sigurðssyni hrl. staðfestingaskjal.

Lófalestur fyrir lengra komna



Með PalmVx í vasanum geturðu bæði sótt tölvupóstinn þinn og komist á veraldarvefinn. Símaskráin rúmar öll fyrirtæki landsins (og alla vini þína líka) og rafhleðslan endist í allt að mánuð. Dagbókin sér 5 ár fram í tímann, minnir þig á hvað er næst á dagskrá og tryggir að framtíðin kemur þér bara þægilega á óvart.

PalmVx

8MB vinnsluminni
112 grömm



PALM
COMPUTING®
PLATFORM

EJS vinnur samkvæmt ISO 9001 vottuðu gæðakerfi + EJS hf. + 563 3000 + www.ejs.is + Grensásvegi 10 + 108 Reykjavík

Kynning félagsdeildar LMFÍ og aðila að „bestukjarasamningum“

11. apríl á Hótel Loftiðum

Þriðjudaginn 11. apríl s.l., héldu aðilar að „bestukjarasamningum“ sameiginlega kynningu á vörum og þjónustu í Þingsölum I-III á Hótel Loftiðum. Í sérstöku fréttabréfi sem sent var út viku fyrir kynninguna var öllum lögmönnum og starfsmönnum á lögmannsstofum boðið til kynningarinnar. Núu fyrirtæki auk félagsdeildar LMFÍ tóku þátt í sýningunni en opið var frá kl. 13:00-18:00.

Eftirtalin fyrirtæki voru með sýningarbása:

- **Eurocard á Íslandi**

kynnti Fyrirtækjakort Flugleiða og Mastercard.

- **Flugfélag Íslands hf.**

kynnti Flugkort Flugfélagsins og Fundarfrið, nýjung fyrir þásem vilja ná árangri á fundum.

- **Rými ehf.**

kynnti lausnir til geymslu á skjölum, svo sem skjala- og hjólaskápa, auk FLEXImobile skjalalausna fyrir skrifstofurými .

- **EJS hf.**

kynnti alrekstur, fartölvur og lófatölvur (Palmtölvur).

- **Þróun hf.**

kynnti nýja uppfærslu af Innheimtukerfi Lögmanna (IL+), GoPro (málaskráningarkerfi), TaskPro(tímaskráningarkerfi) og hugsanlega tengingu við IL+ auk þess sem Réttarríkið var kynnt.

- **Griffill hf.**

setti upp netverslun og kynnti þessa nýjung fyrir lögmönnum og starfsmönnum á lögmannsstofum.

- **Á. Guðmundsson ehf.**

kynnti nýjustu línu í skrifstofuhúsgögnum.

- **J. Ástvaldsson hf.**

kynnti pappírstætara, bindivélar, tússtöflur o.fl. Einnig kynnti fyrirtækið tæki sem fest er við tússtöflur og les allt sem skrifað er á töfluna sem hægt er að prenta út eða senda á rafrænan hátt t.d. með tölvupósti.

- **Rekstrarvörur hf.**

kynnti ræstivagna, hreinsivörur, pappírsvörur o.fl.

Mikla vinnu var búið að leggja í alla básana og var ánægjulegt að sjá viðbrögð íslenskra fyrirtækja við samningum við lögmenn. Í framhaldi af kynningunni munu eflaust margir lögmenn vera komnir með sína eigin ritfangavefverslun, fyrirtækjakort, flugkort, pappírstætara, nýjar uppfærslur af hugbúnaði, lófatölvur, nýtt skjalaskápakkerfi og þægilegan skrifborðsstól.

Það verður að segjast að aðsókn lögmanna á kynninguna var minni en vænst hafði verið til sem telja verður miður, þar sem félagið er með þessu framtaki að gefa félagsmönnum kost á að draga úr rekstrarkostnaði og auka hagkvæmni í rekstri, þeim og skjólstæðingum þeirra til hagsbóta. Lögmenn úr Reykjanesbæ og Hafnarfirði voru í meirihluta og er spurning hvort kynning sem þessi eigi frekar heima annars staðar en í Reykjavík. Að lokinni sýningu voru þó sýnendur ánægðir með kynninguna í heild sinni og ræddu jafnvel um að endurtaka leikinn að ári.

Jóna Kristinsdóttir
12. apríl 2000



Fulltrúi EJS, Elly Ármansdóttir og starfsmaður félagsdeildar LMFÍ, Jóna Kristjánsdóttir.



J. Ástvaldsson kynnir nýjungar í rafrænum fundargerðum beint af töflunni o.fl.



Fulltrúi frá Þróun og Hugviti kynnir GoPro og IL+ fyrir Brimbildi Jónsdóttur sem starfar hjá Landslögum ehf.



Fulltrúi Rýmis ehf. kynnir fyrir Einari Gauta Steingrímssyni bdl. og syni hans skjalalausnir.



Páll Svansson forstöðumaður fyrirtækjasviðs Europay og Gróa Ásgeirsdóttir verkefnastjóri hjá Flugfélagi Íslands kynntu fyrirtækjakortið og flugkortið.



Bátar af öllum stærðum og gerðum bæði fyrir sjó og vöfn.



Úrval utanborðsvéla af ýmsum stærðum og gerðum.



Purrfatnaður, blautfatnaður og björgunarvesti í miklu úrvali.



Combi Camp tjaldevagnar

Draumur útilegufjölskyldunnar Glæsileg amerísk fellihýsi í stærðunum 9.5 og 12 fet á lengd. Í þessum húsum er lögd áhersla á gæði og öryggi umfram aðrar tegundir fellihýsa.

Hver þekkir ekki **COMBI CAMP**. Vagnarnir hafa farið um nær alla yegi og vegaslóða á Íslandi undanfarna áratugi. **COMBI CAMP** tjaldevagnar eru auðveldir í tjöldun, léttir í meðförum og þrautreyndir við íslenskar aðstæður



Coachmen fellihýsi



PRIJON sjókajakarnir hafa verið vinsælustu bátarnir hérlendis í mörg ár enda frábærir bátar með afburða góða eiginleika. Sportbúð Títan hefur selt mörg hundruð **PRIJON** sjókajaka hérlendis síðustu árin og á þessu ári verðum við með fjölbreytt úrval sjókajaka fyrir litla og stóra, feita og mjóa.



Seayak



Kodiak



Millenium

Góðar vörur á góðu verði

Fylgi- og varahlutir í tjaldevagna og fellihýsi í miklu úrvali.

Stangveiðivörur
Skofveiðivörur
Útivistarvörur

Sjón er sögu ríkari

Lítið við eða hafið samband við sölumenn sem þekkjja vel sína vöru.



Sportbúð Títan

Seljavegi 2 /Héðinshúsi
101 Reykjavík
s: 511-1650 / fax 511-1653
titan@isa.is
www.isa.is/titan